Þakklát Booker-verðlaununum

Menning ➤ 36

Kalkúnaleggir með tilheyrandi

Lífið ➤ 42

Kalkúnn ýmsar stærðir

nettó

FRÉTTABLAÐIÐ

257. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 24. NÓVEMBER 2022

Ungir framhaldsskólanemar flykktust í Kringluna í gær til að kveðja veitingasvæðið Stjörnutorg fyrir fullt og allt eftir 23 ára starfsemi. Framhaldsskólapiltar gæða sér á síðustu hamborgurum Stjörnutorgs með bestu lyst í góðra vina hópi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ESB-stuðningur dalað í Samfylkingu

Ný könnun sýnir að fleiri eru óákveðnir gagnvart Evrópusambandsaðild en áður. Stuðningurinn dalar mest hjá Samfylkingu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Óákveðnum hefur fjölgað úr 17,7 prósentum í 22,1 á hálfu ári þegar kemur að Evrópusambandsaðild. Þetta kemur fram í nýrri könnun Prósents. 42,8 prósent eru nú hlynnt aðild en 35,1 prósent andvígt.

Einna mest hefur dregið úr stuðningi við Evrópusambandið innan Samfylkingarinnar. Í júní, þegar síðasta könnun var gerð, studdu 84 prósent kjósenda flokksins aðild en aðeins 5 prósent voru á móti. Nú styðja 67 prósent aðild en 12 prósent eru á móti.

„Það getur verið að fólk sem tengir sig við jafnaðarstefnuna í grunninn en hefur varnagla gagnvart Evrópusambandinu sé að koma aftur til Samfylkingarinnar og vilji styðja hana núna," segir Kristrún Frostadóttir, nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá um helgina sýnir ný könnun Prósents meira en 5 prósenta fylgisaukningu flokksins.

Tveir stjórnmálaflokkar mælast nú Evrópusinnaðri en Samfylkingin. 74 prósent kjósenda Pírata styðja aðild og 68 prósent Viðreisnarfólks. Meirihluti mælist einnig hjá kjósendum Sósíalistaflokksins og Vinstri grænna. Hjá Flokki fólksins styðja 26 prósent aðild, 24 prósent Framsóknarmanna, 19 prósent Sjálfstæðismanna og aðeins 11 prósent Miðflokksmanna.

Á höfuðborgarsvæðinu styðja 47 prósent aðild að Evrópusambandinu en 30 prósent eru á móti. Nokkuð hefur dregið úr stuðningi við aðild á landsbyggðinni frá því í júní þegar naumur meirihluti var fylgjandi aðild. Nú eru 35 prósent fylgjandi en 44 á móti. Ekki er mikill munur á afstöðu kynjanna en karlar hafa sterkari skoðanir á málinu.

SJÁ SÍÐU 6

Stuðningur við aðild Íslands að Evrópusambandinu



Þung orð eftir vaxtahækkanir

EFNAHAGSMÁL Verkalýðsforkólfa greinir á um nauðsyn þess að slíta kjaraviðræðum eftir stýrivaxtahækkun Seðlabankans í gær.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri.

Formaður Einingar-Iðju vill ekki slíta viðræðunum. Seðlabankastjóri, Ásgeir Jónsson, er borinn þungum sökum. Formaður VR sakar Ásgeir um ofbeldi gegn fólkinu í landinu. Launahækkanir verða gagnslausar ef þær brenna upp í óðaverðbólgu, segir Ásgeir. SJÁ SÍÐU 4



Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglu á höfuðborgarsvæðinu.

Rannsaka gagnaleka

helenaros@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á stunguárásinni sem átti sér stað á Bankastræti Club síðastliðið fimmtudagskvöld miðar vel áfram.

Málið hefur verið í forgangi hjá lögreglu vegna umfangs og hafa tugir lögreglumanna unnið sleitulaust að rannsókn þess. Samhliða stunguárásinni rannsakar lögreglan hótanir og skemmdarverk á íbúðarhúsnæði sem framin hafa verið undanfarna daga sem talin eru tengjast árásinni.

Til viðbótar rannsakar embætti héraðssaksóknara mögulegan leka lögreglunnar. Myndband sem sýnir árásina hefur verið í dreifingu á samfélagsmiðlum. Grunur er um að myndbandið komi úr gagnagrunni lögreglu.

„Við lítum þetta mál mjög alvarlegum augum, ef þetta er eins og við virðist blasa þá er þetta trúnaðarbrestur," sagði Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, í gær. Þrjátíu hafa verið handteknir vegna málsins og þar af hafa sextán verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

Bandaríska sendiráðið sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem bandarískir ríkisborgarar voru varaðir við hættuástandi í miðbæ Reykjavíkur um helgina.

Tilkynningin kemur í kjölfar fréttaflutnings um yfirvofandi hefndarárás í miðbænum sem gengur manna á milli á samfélagsmiðlum.

Fyrirhuguð árás er til skoðunar hjá lögreglu sem hefur tilkynnt um aukinn viðbúnað. Jóhannes Þ. Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir aðvörunina ekki heppilega en of snemmt sé að segja til um hvort orðspor landsins bíði hnekki vegna málsins. ■

Þitt nafn bjargar lífi

Mikið stuð var í Kringlunni í gær þegar fimmtíu listamenn komu saman til að láta rödd sína heyrast í tilefni árlegrar alþjóðlegrar herferðar Amnesty International, Þitt nafn bjargar lífi. Herferðin í ár er helguð tíu málum einstaklinga sem sætt hafa mannréttindabrotum í tengslum við réttinn til að mótmæla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Lögregla minnir á endurskinsmerki

gar@frettabladid.is

UMFERÐ Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu deildi í gær á Facbook-síðu sinni auglýsingu frá Samöngustofu þar sem minnt er á notkun endurskinsmerkja. Afar skuggsýnt hefur verið undanfarið vegna snjóleysis.

Vel er tekið undir færslu lögreglunnar á Facebook. „Svartklæddir hjólreiðamenn og rafskutlumenn eru í mestri hættu í umferðinni. Ómögulegt að sjá þá," segir í einni athugasemd.

„Óhugnalega lítið notuð núorðið. Þarf vitundarvakningu. Skiptir öllu fyrir ökumenn í myrkri og rigningu," segir í annarri. Í þeirri þriðju er minnt á að huga þurfi að köttum og hundum í þessu sambandi. ■

Óska eftir alls konar flíkum í öllum stærðum til útleigu

Fólki getur hreinsað til í fataskápnum og komið fötunum sínum í leigu hjá fataleigunni Spjara í tilefni evrópskrar nýtniviku. Sérstaklega er óskað eftir stærri stærðum.

lovisa@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Á fimmtudag og föstudag getur fólk komið með merkjavöru sem það á í fataskápnum og skilið hana eftir hjá fataleigunni Spjara í skiptum fyrir inneign á leigu.

Þær Patricia Anna Þormar, Kristín Edda Óskarsdóttir og Sigríður Guðjónsdóttir standa að baki fataleigunni sem tók til starfa fyrir um ári síðan.

Í tilefni af evrópsku nýtnivikunni sem stendur til 27. nóvember óska þær eftir fötum til að bæta við lagerinn. Þema vikunnar í ár er sjálfbærni og hringrás textíls undir slagorðinu „Sóun er ekki lengur í tísku".

„Við erum alltaf að leita leiða til að auka við lagerinn með sjálfbærum hætti. Við vitum að það hanga flíkur óhreyfðar í skápunum hjá fólki sem fleiri geta notað," segir Kristín og að í staðinn fyrir flíkurnar fái fólk annað hvort inneign hjá þeim eða að þær kaupi flíkurnar af þeim.

„Segjum að fólk komi með Stine Goya-kjól sem það hefur aðeins notað nokkrum sinnum, þá getum við tekið hann og í staðinn getur fólk leigt hjá okkur fatnað þrisvar eða fjórum sinnum," segir Kristín.

Að sögn Kristínar fari þó algerlega eftir upprunalegu miðaverði flíkurinnar hvað fáist fyrir hana en í þessu dæmi væri miðað við flík sem hafi upprunalega kostað um 60 þúsund. Meðalverð á leigu hjá þeim er um sjö til átta þúsund krónur.

Kristín Edda og Sigríður taka á móti fötum fólks á morgun og á föstudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við vitum að það hanga flíkur óhreyfðar í skápunum hjá fólki sem fleiri geta notað.
>
> Kristín Edda Óskarsdóttir

„Við viljum auka úrvalið en gera það á sjálfbæran hátt og fá fólk í lið með okkur," segir hún og að það verði hægt að koma til þeirra með flíkur á fimmtudag á milli 13 og 16 og föstudag á milli 12 og 16.

Kristín tekur þó skýrt fram að fólk eigi alls ekki að koma með heilu ruslapokana af fötum sem þær muni fara í gegnum. Þær taki aðeins við merkjavöru og að fötin verði að vera í mjög góðu ásigkomulagi.

„Það er gott að hafa samband við okkur fyrst og þá er hægt að bóka tíma til að fara í gegnum það sem fólk kemur með," segir Kristín.

Þetta segir Kristín sniðuga lausn fyrir fólk sem á mikið af fötum í fataskápnum sem það notar ekki lengur og vill kannski fá að prófa annað en ekki eiga það.

Kristín segir að þær taki við öllum stærðum en að þeir biðli sérstaklega til fólks sem á flíkur í stærri stærðum um að koma til þeirra því að það sé skortur á lagernum þeirra á stærri stærðum.

„Það er mikil eftirspurn eftir þeim og við yrðum glaðar yfir að auka úrvalið," segir Kristín Edda. ■

HÚSASMIÐJAN

20-80%

KOL

SVÖRT VIKA

Tilboð sem þú gleymir aldrei



Aðeins 40 stk.

28%

Þú sparar 60.000 kr.

SAMSUNG
Snjallsjónvarp QLED
4 QLED, 65", árgerð 2022.
1860816
149.900 kr
~~209.900 kr~~

31%



SAMSUNG
Snjallsjónvarp QLED
4 QLED, 75", árgerð 2022.
1860818
219.900 kr
~~319.900 kr~~

Aðeins 40 stk.

41%

eta since 1943
Þvottavél
1400 sn., með kolalausum mótor, tekur 8 kg. 1853100
49.990 kr
~~84.990 kr~~

35%

HiKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS
Borvél, 18V
Með 100 fylgihlutum.
5247088
32.495 kr
~~49.995 kr~~

35%

Berlinger Haus
Pottasett
Rosewood,
4 stk. 2001833
6.169 kr
~~9.490 kr~~

80%

damixa™
Eldhús-blöndunar-tæki
Elara. 8000214
4.290 kr
~~21.590 kr~~

80%

damixa™
Sturtusett
Rowan með sápuskál. 8000237
4.290 kr
~~21.590 kr~~

Skoðaðu öll tilboðin

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Afsláttur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar".

Æ fleiri landsmenn kljást við háfjallaveiki

ser@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Háfjallakvillar af margvíslegu tagi hrjá æ fleiri landsmenn eftir því sem fleiri þeirra klífa hæstu fjöll heimskringlunnar á borð við Atlasfjöllin í Marokkó, Kilimanjaró í Afríku og Himalajafjöllin í Nepal, en ferðir af því tagi hafa mjög færst í vöxt á síðustu árum.

Af þessum sökum hafa fimm læknar tekið sig saman og safnað áhugaverðum upplýsingum um téða kvilla og meðferðir við þeim, svo og forvarnir, en fimmmenningarnir eru allir áhugamenn um útivist og hafa tekið þátt í háfjallaleiðöngrum erlendis.

„Þetta snýst ekki bara ferðalög á hæstu fjöll, heldur líka skíðaferðir í Alpana og Klettafjöllin, en þar komast menn í býsna mikla hæð og kynnast hæðarveikinni, án þess kannski að gera sér grein fyrir henni," segir Tómas Guðbjartsson, hjarta- og lungnaskurðlæknir, fjallaleiðsögumaður og einn höfunda kversins. Fjölmargir sjúkdómar geta gert vart við sig í mikilli hæð yfir sjávarmáli, jafnt háfjallaveiki, sem er algengasta birtingarform hæðarveiki, sem og lífshættulegir sjúkdómar á borð við hæðarlungnabjúg og hæðarheilabjúg.

„En algengustu kvillarnir samfara mikilli hæð eru hausverkur, lystarleysi, meltingartruflanir og almennur slappleiki sem margir halda að sé bara flensa," segir Tómas enn fremur og minnir á að áfengi, svo sem eins og í skíðaferðum, hjálpi fráleitt til í þessum efnum.

Kverið er ríkulega myndskreytt og gefið út í samvinnu við Ferðafélag Íslands og útivistarverslanirnar Fjallakofann, Everest og 66°Norður, en allur ágóði af sölu þess rennur til stígagerðar á hálendi Íslands. ■

Fjallalæknarnir fimm sem skrifa kverið um háfjallakvilla. MYND/AÐSEND

Iðnaður sem leiðir til betri námsárangurs

benediktarnar@frettabladid.is

IÐNAÐURX Í gær var stofnfundur Samtaka menntatæknifyrirtækja haldinn í Hörpunni, en um er að ræða nýjan starfsgreinahóp innan Samtaka iðnaðarins.

Meinatækni er sívaxandi iðnaður sem er metinn á 24 milljarða króna á alþjóðavísu. Um er að ræða rótgróna iðngrein sem á sér áratugasögu, en er tiltölulega ung hér á landi. Greinin hefur þó burði til þess bæta árangur nemenda hér á landi og renna fleiri stoðum undir íslenskt hagkerfi.

Íris E. Gísladóttir, formaður Samtaka menntatæknifyrirtækja segir

Íris E. Gísladóttir, formaður Samtaka menntatæknifyrirtækja

að stofnfundurinn sé í raun vitundarvakning um menntatækni og möguleika iðnaðarins.

„Þetta er rótgróin iðngrein á alþjóðavísu. Hún hefur ekki vaxið hér á landi, miðað við önnur lönd sem við berum okkur saman við. Við viljum vekja athygli á því að þetta er spennandi iðnaður til að fara út í og það eru ýmsir spennandi möguleikar í boði," segir Íris.

Íris segir námsárangur barna almennt betri þar sem menntatækni hefur fengið að vaxa.

„Þetta iðnaður sem getur verið hluti af uppbyggingu á hugverkaiðnaði á Íslandi og það hefur sýnt sig að þau lönd sem hafa lagt áherslu á menntatækni standa framar í námsárangri barna," segir Íris. ■

Verkalýðsforkólfar ósammála um slit á viðræðum um kjarasamningana

VR sakar seðlabankastjóra um ofbeldi gegn almenningi í landinu. Hann segir launahækkanir gagnslausar í óðaverðbólgu. Formaður Einingar-Iðju vill ekki slíta kjaraviðræðum.

bth@frettabladid.is

EFNAHAGSMÁL Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir vegna boðaðra viðræðuslita stéttarfélaga í kjarasamningum að Seðlabankinn sé ekki aðili að kjarasamningum.

„Seðlabankinn samkvæmt lögum verður að fylgja verðbólgumarkmiðum og það er Peningastefnunefnd sem tekur sjálfstæðar ákvarðanir," sagði Ásgeir í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld. „Seðlabankinn getur aldrei með beinum hætti orðið aðili að kjarasamningum," bætir hann við.

Ásgeir segir að tal um að slíta kjaraviðræðum muni engu breyta um vaxtaákvarðanir Seðlabankans.

„Við þurfum að vernda kaupmátt og vernda verðgildi peninganna. Ef við myndum ekki standa að baki verðgildi peninganna þá fer verðbólgan í hæstu hæðir og kjarasamningar yrðu algjörlega vonlausir," segir Ásgeir Jónsson og bætir við að stórfelldar kjarahækkanir megi sín lítils ef þær brynnu upp í óðaverðbólgu.

„Aftur á móti eru kjarasamningar háðir því að við stöndum við okkar hlutverk, sem er að halda verðbólgu niðri."

Stýrivextir eru eftir gærdaginn komnir í sex prósent og hafa ekki verið hærri í tólf ár. Hækkun gærdagsins um 0,25 prósent hefur verið fordæmd. Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir að í Þýskalandi séu stýrivextir aðeins um tvö prósent en verðbólga þó meiri en hér. Seðlabankinn spili sóló.

Spurður út í þau ummæli Ásgeirs að Seðlabankinn sé ekki aðili að kjarasamningum segir Ragnar Þór að hlutverk Seðlabankans sé að verja lífskjör fólksins í landinu. Því hlutverki hafi hann brugðist.

„Seðlabankastjóri hefur sjálfur tekið beint spjótum sínum að verkalýðshreyfingunni. Hann hefur sagt boltann hjá okkur en nú segir hann að Seðlabankinn sé ekki aðili að samningum. Ásgeir talar í hringi, hann er algjörlega ómarktækur," segir Ragnar Þór.

Staðan sem upp er komin er grafalvarleg að sögn formanns VR.

„Nú þarf að rísa upp gegn fjárhagslegu ofbeldi Seðlabankans gegn fólkinu í landinu. Við munum grípa til aðgerða."

Til marks um ójafnvægið nefnir Ragnar Þór afkomutölur bankanna. Hann segir að hreinar vaxtatekjur þeirra fyrstu níu mánuði þessa árs verði 90 milljarðar króna.

„Það er ljóst fyrir hvern Ásgeir er að vinna. Hann kemur úr bankakerfinu."

Björn Snæbjörnsson, fyrrverandi formaður Starfsgreinasambandsins og formaður Einingar-Iðju, sem situr í viðræðunefnd sambandsins er ekki á þeirri skoðun að viðræðuslit í kjarasamningum séu lausnin.

„Við þurfum núna að finna nýjar leiðir til að bæta okkar kröfugerð. Ég met það þannig að mönnum beri skylda til að setjast niður og reyna að ná nýjum kjarasamningi til að okkar fólk öðlist hærri tekjur til að geta greitt hærri reikninga," segir Björn. ■

Grafalvarleg staða er komin upp í samfélaginu eftir útspil Seðlabankans sem hækkaði enn stýrivexti í gær. Verkalýðshreyfingin logar og seðlabankastjóri er borinn þungum sökum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> En það þýðir ekki að kjarasamningar séu úr sögunni.

Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambands Íslands

> Nú þarf að rísa upp gegn fjárhagslegu ofbeldi Seðlabankans gegn fólkinu í landinu.

Ragnar Þór Ingólfsson, VR

ÓMISSANDI HLUTI AF FJÖLSKYLDUNNI
JEEP® COMPASS TRAILHAWK 4XE
ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
5 ÁRA ÁBYRGÐ / 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐUNNI / PLUG-IN HYBRID
EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!
ISBAND ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep
4XE PLUG-IN HYBRID
JEEP.IS

ELKO

SVARTUR FÖSSARI

Stærsta tilboðsvika ársins

-100.000
25 stk.

G Orkuflokkur | 84 kw/1000 klst Orkunotkun

PHILIPS
55" OLED snjallsjónvarp (2022)
- 4K UHD OLED snjallsjónvarp
- P5 AI Perfect Picture
- Android stýrikerfi
- 4 hliða Ambilight

55OLED80712

Áður: 329.995 kr.

229.995

Eða **19.837 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 242.905 kr. | ÁHK 8,58%

-53.995
20 stk.

SIEMENS
Espresso kaffivél
- OneTouch-eiginleiki
- Snertiskjár
- Mjólkurflóari
- Sjálfvirkur mjólkurhreinsari

TE655319RW

Áður: 179.990 kr.

125.995

Eða **10.867 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 135.265 kr. | ÁHK 11,3%

-25%
10 stk.

HP
Pavilion Gaming borðtölva
- AMD Ryzen 5-5600G örgjörvi
- Nvidia GeForce GTX 1660 skjákort
- 16 GB DDR4 3200 MHz vinnsluminni
- 1 TB PCIe NVMe SSD gagnageymsla

HP4Z6U0EAUUW

Áður: 179.994 kr.

134.995

Eða **11.644 kr.** í 12 mánuði
á 0% vöxtum | Alls 144.580 kr. | ÁHK 10.96%

-33%
200 stk.

SAMSUNG
Galaxy Tab A7 Lite - WiFi
- 8,7" HD+ TFT skjár
- 32 GB, 3 GB RAM
- Wi-Fi
- Aðeins 366 g

SMT220DAGR SMT220SIL

Áður: 29.995 kr.

19.995

-34%
60 stk. í lit

KICA
K2 nuddbyssa
- 1200 - 3200 högg á mínútu
- 4 nuddhausar og 4 hraðastillingar
- Allt að 18 klst. rafhlöðuending
- USB-C hleðslutengi

149210 149211

Áður: 28.995 kr.

18.995

-40%
40 stk.

NINJA
Slow Juicer safapressa
- 150W
- 500 ml kanna
- 3 mismunandi síur
- Hlutar mega fara í uppþvottavél

100JC100EU

Áður: 32.990 kr.

19.795

-30%
80 stk.

MARSHALL
Emberton II ferðahátalari
- Hringóma hljómur
- Bluetooth 5.1
- IP67 vatnsvarinn
- 30 klst. rafhlöðuending

EMBERTONIIBL EMBERTONIICR

Áður: 26.995 kr.

18.995

-33%
60 stk.

A Orkuflokkur | 1600 Snúningar | 8 kg Hám.þyngd

AEG
þvottavél
- Ullar-, straulétt- og 20 mín. hraðkerfi
- Kerfi fyrir sængur- og útivistarfatnað
- ProSense stillir tíma, vatn og orku
- Stafrænt viðmót og kolalaus mótor

LR622E86F

Áður: 109.995 kr.

76.995

-30%
200 stk.

LOGIK
klakavél
- 10 kg klakar á dag
- Sjálfhreinsun
- Fjarlægjanleg fata
- 120 W

L12IMS21E

Áður: 26.995

18.895

ELKO

Birt með fyrirvara um myndabrengl og prentvillur. Vöruúrval og vöruframboð getur verið breytilegt milli verslana. Pay raðgreiðsluverð: 0% vextir, 3,5% lántökugjald, 755 kr. greiðslugjald

Þórdís í Genf til að ræða Íran

lovisa@frettabladid.is

ÍRAN Í dag fer fram í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna (SÞ) í Genf aukafundur um mannréttindamál í Íran. Fundurinn er að beiðni Íslands og Þýskalands til að knýja á um að SÞ hefji markvissa gagnaöflun svo síðar megi draga gerendur til ábyrgðar fyrir dómi.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra

Utanríkisráðherrar Íslands og Þýskalands, Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir og Annalena Baerbock, taka þátt í umræðunni í mannréttindaráðinu sem hefst klukkan 9.00 og er streymt á vef Sameinuðu þjóðanna. ■

Vildi ekki ræða Borgarlínuna

benediktboas@frettabladid.is

UMFERÐARMÁL Höskuldur R. Guðjónsson samgönguverkfræðingur vildi ekki ræða almenningssamgöngur og Borgarlínuna á fundi íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis á kynningu á umferðar, skipulags- og öryggismálum í borgarhlutanum.

Ráðið þakkaði þó fyrir kynninguna en í bókun ráðsins er lögð áhersla á að öllum framkvæmdum sem tengjast umferðaröryggi í hverfinu verði flýtt eins og auðið er. ■

Stokkseyri tengd við ljósleiðara

benediktboas@frettabladid.is

ÁRBORG Fyrirtækið Ljósleiðarinn hefur tengt öll heimili og fyrirtæki á Stokkseyri við ljósleiðara.

„Sveitarfélagið Árborg fagnar mjög þessu framfaraskrefi sem mun sannarlega stuðla að auknum lífsgæðum íbúa okkar og auka samkeppnishæfni svæðisins," segir Fjóla Steindóra Kristinsdóttir bæjarstjóri. ■

Stuðningur við aðild Íslands að ESB hefur minnkað innan Samfylkingar

Samkvæmt nýrri könnun Prósents eru fleiri óákveðnari en áður hvað varðar aðild að Evrópusambandinu. Stuðningurinn hefur minnkað innan Samfylkingarinnar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Stuðningurinn við aðild Íslands að ESB hefur dalað mest hjá kjósendum Samfylkingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

STJÓRNMÁL 42,8 prósent eru hlynnt aðild Íslands að Evrópusambandinu en 35,1 er andvígt samkvæmt nýrri könnun Prósents. Stuðningurinn hefur dalað mest hjá kjósendum Samfylkingar.

Þegar könnunin er borin saman við sambærilega könnun Prósents frá því í júní sést að þeim sem eru fylgjandi aðild að Evrópusambandinu hefur fækkað um 5,5 prósent. Þeim sem eru andvíg aðild hefur hins vegar aðeins fjölgað um 1,2 prósent. Fleiri eru hlutlausari en áður, það er hefur fjölgað úr 17,7 prósentum í 22,1.

Mestu munar um kjósendur Samfylkingar. Í júní voru þeir Evrópusinnaðastir allra því 84 prósent þeirra voru hlynnt aðild en aðeins 5 prósent á móti. Nú eru aðeins 67 prósent flokksmanna fylgjandi aðild en 12 prósent á móti. Mælist nú stuðningurinn mestur hjá Pírötum og Viðreisn, 74 og 68 prósent, en Samfylkingin er aðeins í þriðja sæti.

Fleiri eru fylgjandi aðild en á móti henni innan tveggja annarra stjórnmálaflokka, það er 51 prósent Sósíalista styður aðild og 39 prósent Vinstri grænna. Hjá Flokki fólksins styðja 26 prósent aðild, 24 prósent Framsóknarmanna, 19 prósent Sjálfstæðismanna og aðeins 11 prósent Miðflokksmanna.

„Það getur verið að fólk sem tengir sig við jafnaðarstefnuna í grunninn en hefur varnagla gagnvart Evrópusambandinu sé að koma aftur til Samfylkingarinnar og vilji styðja hana núna," segir Kristrún Frostadóttir, nýkjörinn formaður Samfylkingarinnar. En eins og Fréttablaðið greindi frá um helgina sýnir könnun Prósents meira en 5 prósenta fylgisaukningu flokksins.

„Samfylkingin er Evrópusinnaður flokkur en stór og breiður jafnaðarmannaflokkur á fyrst og fremst að sameinast um velferðarmálin. Mér finnst jákvætt að fólk styðji þessa velferðarpólitík en að það séu ekki endilega allir sammála um þetta atriði, Evrópusambandsaðild. Samfylkingin á einmitt að vera staður þar sem við getum rökrætt um svona mál," segir Kristrún. „Ég vil ekki að það hvernig fólk staðsetur sig gagnvart Evrópusambandinu verði einhver fyrirstaða þegar kemur að stóra verkefninu sem Samfylkingin setur í forgang, að endurreisa velferðarkerfið og almannaþjónustuna á Íslandi."

Á höfuðborgarsvæðinu styðja 47 prósent aðild að Evrópusambandinu en 30 prósent eru á móti. Nokkuð hefur dregið úr stuðningi við aðild á landsbyggðinni frá því í júní þegar naumur meirihluti var fylgjandi aðild. Nú eru 35 prósent fylgjandi en 44 á móti.

Ekki er mikill munur á afstöðu kynjanna þegar kemur að Evrópusambandsaðild. Karlar hafa hins vegar sterkari skoðanir á málefninu en konur. 45 prósent þeirra eru fylgjandi aðild en 36 prósent á móti. Hjá konum eru hlutföllin 40 og 34 prósent.

Ekki er heldur að sjá mikinn mun á afstöðu út frá aldri. Í öllum aldurshópum mælist stuðningurinn á bilinu 38 til 48 prósent. Andstaðan mælist hins vegar áberandi mest hjá eldri borgurum, 44 prósent, en aðeins 26 prósent hjá kjósendum undir 25 ára aldri. 30 prósent þeirra hafa ekki skoðun á hvort Ísland ætti að sækja um Evrópusambandsaðild en aðeins 15 prósent 65 ára og eldri.

Fylgi mælist milli stuðnings við Evrópusambandsaðild og tekna. 48 prósent þeirra sem hafa 800 þúsund krónur eða meira í mánaðarlaun styðja aðild en 38 prósent þeirra sem hafa undir 600 þúsund krónum í laun.

Könnunin var netkönnun framkvæmd 14. til 17. nóvember. Úrtakið var 2.600 og svarhlutfallið 51,3 prósent. ■

Afstaða til aðildar að Evrópusambandinu eftir flokkum



Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar

Undirbúa markaðskönnun vegna nýs Laugardalsvallar

kristinnpall@frettabladid.is

FÓTBOLTI Þrátt fyrir að tvö ár séu liðin frá því að ríkisstjórnin boðaði mikilvæg skref vegna þjóðarleikvangs í knattspyrnu eru Íslendingar engu nær þegar kemur að vegferðinni að skóflustungu að nýjum þjóðarleikvangi í knattspyrnu.

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður Knattspyrnusambands Íslands, segir að valkostagreining breska ráðgjafarfyrirtækisins AFL sé enn gild þar sem gert var ráð fyrir breytilegum kostnaði.

Vanda er spurð að því hvort skýrslan sé orðin einfaldlega úrelt vegna þeirra breytinga sem hafa átt sér stað í efnahagsmálum landsins á þeim tveimur árum sem eru liðin frá því að skýrslan kom út.

„Allar kostnaðartölurnar eru í reiknilíkani og það er hægt að uppfæra þær og breyta eftir því hvaða

Laugardalsvöllur er þjóðarleikvangur Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ

leið er farin, hvenær sem það verður. Það ætti ekki að vera mikið mál að uppfæra þessar tölur."

Í skýrslunni sem kom út árið 2020 voru lagðir fram fjórir möguleikar. Einn þeirra var að ráðast í lágmarksendurbætur á núverandi velli og annar að uppfæra völlinn í takt við kröfur Alþjóða- og evrópska knattspyrnusambandsins.

Að lokum voru lagðir fram möguleikarnir á 15.000 manna velli eða fjölnotaleikvangi sem gæti tekið 17.500 í sæti og voru báðir möguleikar skoðaðir með og án opnanlegs þaks. Ekki var talið fýsilegt til langs tíma að vinna í úrlausnum á Laugardalsvelli og taldi AFL völl með sætum fyrir 15.000 áhorfendur hagkvæmasta kostinn.

Vanda segist vonast til þess að markaðskönnun sem Þjóðarleikvangur, félag sem var stofnað af hálfu KSÍ, íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar í tengslum við nýjan þjóðarleikvang í knattspyrnu, verði síðasta skrefið áður en tekin verður ákvörðun um nýjan leikvang.

„Þjóðarleikvangur er að undirbúa markaðskönnun, sem vonandi fer af stað sem fyrst. Eftir því sem mér skilst er þetta eitt af lokaskrefunum áður en ákvörðun er tekin. Þarna er verið að kanna möguleika með rekstraraðila og vonandi verður þetta síðasta púslið áður en ákvörðun verður tekin." ■

Myrkir markaðsdagar.

Allt að -34%

Bækur
Yfir 300 titlar á lækkuðu verði

Allt að -30%

Sjónvörp
Úrval af sjónvörpum frá 38” - 75” frá Samsung, Sony, LG, Philips og Sharp

Allt að -40%

Talar íslensku!

Leikföng
Fjölbreytt úrval þekktra merkja Fisher Price, Barbie, Nerf, Hot Wheels, Baby born, Magnatiles Lego, Playmobil, Chicco

Allt að -40%

Raftæki
Apple Airpods Max heyrnartól á 20% afslætti

Allt að -10%

iPhone
iPhone 12, 13 og 14

Allt að -40%

Snyrtivörur
Allar COSRX snyrtivörur á 40% afslætti. 20-40% af öllum snyrtivörum

Allt að -30%

Jóladagatöl
Úrval af leikfangadagatölum Hvolpasveit, Barbie, Minecraft, Lego, Play-Doh og Playmobil

Allt að -30%

Spil og púsl
Vinsælu spilin eru hjá okkur

Allt að -50%

Heimilistæki
Heimilistæki í miklu úrvali

heimkaup

Bjarni vill ekki rannsóknarnefnd

bth@frettabladid.is

STJÓRNMÁL Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra telur ekki þörf á að óháð rannsóknarnefnd Alþingis fari nánar yfir söluna á bréfum Íslandsbanka fyrr á árinu. Þetta kom fram þegar Bjarni sat fund stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis í gær.

> **Ef ráðherra ætlar að beita þeim heimildum sem hann hefur verður hann að gera það með formlegum hætti.**
>
> Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra

Bjarni sagði að gera þyrfti breytingar á Bankasýslunni. Ekki eigi að hafa sérstaka stofnun um eignarhald ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, spurði um ábyrgð ráðherra í málinu og jafnræði. Bjarni sagði ráðherra ætlað að halda sig frá ferlinu nema í undantekningartilfellum. Að öðru leyti væri hún í höndum Bankasýslunnar.

„Það segir í greinargerð að ef ráðherra ætlar að beita þeim heimildum sem hann hefur verður hann að gera það með formlegum hætti," sagði Bjarni. ■

Gæti umbylt lífi Alzheimer-sjúklinga

Vonir standa til þess að lyfið Lecanemab muni hægja verulega á vitsmunalegri hnignun Alzheimer-sjúklinga. Lyfið er sagt vera bylting eftir að niðurstöður bárust úr rannsókn á um 2.000 sjúklingum. Jón Snædal öldrunarlæknir verður viðstaddur ráðstefnu í næstu vikur þegar niðurstöðurnar verða kynntar.

mhj@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Þriðjudaginn 29. nóvember koma allir helstu sérfræðingar um Alzheimer-sjúkdóminn saman í San Francisco þar sem japanska lyfjafyrirtækið Eisai og bandaríska líftæknifyrirtækið Biogen munu kynna niðurstöður rannsóknar á nýju lyfi sem eykur mikið vonir Alzheimer-sjúklinga um bata. Samkvæmt fyrstu upplýsingum er um að ræða lyf sem „hægir verulega á vitsmunalegri hnignun" og er lýst sem byltingu í lyfjagjöf fyrir Alzheimer-sjúklinga.

Jón Snædal, öldrunarlæknir við Landspítala, segir að ef rétt reynist „yrði það stærsta fréttin á þessari öld varðandi þennan sjúkdóm". Jón, sem verður á ráðstefnunni, er hóflega bjartsýnn á að lyfið virki líkt og lofað er.

Jón segir að það byggist á þriðja stigs rannsókn sem fyrirtækin fóru í á 2.000 einstaklingum með Alzheimer en slík rannsókn er undanfari markaðssetningar. „Það er niðurstaða fyrirtækisins að það sé líklegt að það komist á markað vegna þess hvað niðurstöðurnar væru jákvæðar," segir Jón. „Það sem verður rætt í næstu viku er þá meira að óháðir sérfræðingar hafa metið hvort þetta standist allt. Staðan er ekki alveg ljós akkúrat þessa stundina en það er mjög líklegt að þetta lyf hafi staðist kröfur."

Niðurstöðurnar nýrrar rannsóknar verða kynntar í næstu viku en fyrstu tilkynningar lofa góðu fyrir Alzheimer-sjúklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Jón segir að á ráðstefnunni eigi eftir að koma í ljós hvað fyrirtækin eigi við með „verulegum áhrifum" en spurður um hvað það myndi þýða fyrir þá sem eru með sjúkdóminn ef það sem tilkynnt hefur verið reynist satt segir hann að það yrðu mikil tímamót. „Þá yrði það stærsta fréttin á þessari öld varðandi þennan sjúkdóm."

„Þó að fyrirtækin lyfti sér oft upp út á við þá væri það rosalegt slag fyrir þá ef þeir kæmu með eitthvað sem ekki stæðist. Þannig að ég hef fulla trú á því að þetta sé rétt," segir Jón.

Um er að ræða líftæknilyf sem þarf að gefa sjúklingum með sprautu á nokkurra vikna fresti. Lyfið er sagt hreinsa útfellingar úr heilanum sem talið er að valdi sjúkdóminum.

Jón Snædal, öldrunarlæknir

Jón segir ljóst að lyfið verði mjög dýrt og minnist þess þegar annað lyf fór á markað í fyrra og kostaði um 8 milljónir króna árlega. Lyfið fór aldrei í útbreiðslu þar sem framleiðanda tókst ekki að sýna fram á að það virkaði en nú er vonin hins vegar mun sterkari.

Spurður hvort lyfið yrði aðgengilegt á Íslandi, segir Jón það mjög líklegt.

Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Alzheimersamtakanna á Íslandi, segist oft hafa slegið á væntingar þegar kemur að nýjum lyfjum „en núna er þarna svolítið ljós að birtast".

„Þú getur ímyndað þér hvað þetta verða svakalega góðar fréttir ef þetta fer sem horfir," segir Vilborg við blaðamann. „Mér heyrist að þetta sé í fyrsta skipti þar sem það er raunverulega smá von um að þetta sé að takast. Þetta er virkilega spennandi og algjör bylting ef rétt reynist," segir Vilborg. ■

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR
SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6

JAGUAR LAND ROVER

JAGUAR I-PACE EV320 SE
Nýskr. 7/2021, ekinn 6 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 10.490.000 kr.
Rnr. 149047.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

JAGUAR I-PACE EV400 HSE
Nýskr. 7/2019, ekinn 32 þús. km, rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 9.590.000 kr.
Rnr. 421047.

RANGE ROVER Evoque SE 150D
Nýskr. 12/2018, ekinn 32 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 6.690.000 kr.
Rnr. 149470.

RANGE ROVER Sport HSE Dynamic P400e
Nýskr. 4/2019, ekinn 114 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.
Verð: 10.890.000 kr.
Rnr. 149457.

LAND ROVER Discovery Sport 150d
Nýskr. 5/2020, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 8.390.000 kr.
Rnr. 149446.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

LAND ROVER Defender S 200D
Nýskr. 2/2022, ekinn 7 þús. km, dísil, sjálfskiptur.
Verð: 14.890.000 kr.
Rnr. 421055.
APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED

APPROVED CERTIFIED PRE-OWNED
Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla.
Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálsi 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

ENNEMM / SÍA / NM013729

BAUHAUS®

Black days

30%

AFSLÁTTUR AF ÖLLU JÓLASKRAUTI OG JÓLALJÓSUM

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

FLEIRI TILBOÐSVÖRUR MÁ FINNA AFTAR Í ÞESSU BLAÐI

RYOBI

Black days

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNSVERKFÆRUM, GARÐVÉLUM OG HÁÞRÝSTI-DÆLUM FRÁ RYOBI

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Pinotex Sadolin

Black days

25%

AFSLÁTTUR AF ALLRI MÁLNINGU OG VIÐARVÖRN FRÁ SADOLIN OG PINOTEX

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 24. nóvember til og með sunnudeginum 4. desember

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegi 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Lítil sveitarfélög ósátt við áform um sameiningar

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Sigurður Ingi Jóhannsson innviðarráðherra vill breyta lögum um Jöfnunarsjóð til að í þeim verði hvatar til sameiningar sveitarfélaga. Mörg af smærri sveitarfélögum landsins fá stóran hluta tekna sinna úr sjóðnum.

Samkvæmt áformum ráðherra mun sjóðurinn styðja áfram við veikari byggðir en innbyggðir verða hvatar til sameiningar.

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra

Forsvarsmenn Grýtubakkahrepps hafa verið meðal háværustu gagnrýnenda áformanna. Í umsögn hreppsins segir að lagabreytingarnar hverfist að mestu um sameiningar.

„Ekki er minnst á meginhlutverk sjóðsins, sem er að gera öllum sveitarfélögum kleift að veita íbúum landsins lögbundna þjónustu og eins sambærilega um land allt og kostur er," segir þar. Skerðing framlaga leiði af sér veikari byggðir.

Annað sveitarfélag sem gerir athugasemdir er Skagabyggð, sem telur innan við 100 íbúa.

„Það verður að tryggja að ekki verði gengið á rétt minni sveitarfélaga sem ekki hafa náð samningum um að sameinast," segir í umsögninni. ■

Þróa lyf gegn ADHD með sebrafiskum

Gamalreynd blóðþrýstingslyf virðast reynast vel sem lyf gegn ADHD. Þetta sýnir ný rannsókn sem gerð var á sebrafiskum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VÍSINDI Ný rannsókn vísindamanna sprotafyrirtækisins 3Z lofar góðu hvað varðar lyfjagjöf fyrir þá sem eru með ADHD. Hafa þeir prófað stór lyfjasöfn á sebrafiskum til að finna þau lyf sem henta best.

„Ef þetta sýnir góða virkni í mönnum, sem eru góðar líkur á, þá myndi þetta nýtast stórum hópi ADHD-sjúklinga," segir Haraldur Þorsteinsson, rannsóknar- og þróunarstjóri og einn af stofnendum 3Z sem er sprotafyrirtæki sem varð til í Háskólanum í Reykjavík.

Í dag er metýlfenídat notað gegn ADHD. En það er örvandi og hefur nokkuð miklar aukaverkanir, svo sem svefntruflanir, svefnleysi og minnkun matarlystar. Þá er einnig hætta á misnotkun. Þar að auki virka lyfin aðeins fyrir um 65 prósent sjúklinga því stór hópur svarar þeim ekkert sérstaklega vel.

Vísindamennirnir í 3Z hafa skimað stór lyfjasöfn í sebrafiskum til að þrengja hópinn. Það er, þau lyf sem fiskarnir svara vel eru prófuð áfram í rottum eða músum.

„Sebrafiskar og menn hafa mjög skyld erfðamengi," segir Haraldur. „Samsvörunin er yfir 80 prósent. Þeir fjölga sér mjög hratt og við getum gert allar okkar mælingar í seiðum." Sífellt sé verið að nota sebrafiska meira og meira í lífvísindum, sérstaklega taugavísindum. En almenningur þekkir þessa suðurasísku fiska einna helst úr gullfiskabúrum.

> Sebrafiskar og menn hafa mjög skyld erfðamengi.

Haraldur Þorsteinsson, rannsóknar- og þróunarstjóri 3Z

Vísindamenn 3Z nota sebrafiska mikið, en fyrirtækið sérhæfir sig í lyfjaþróun tauga- og geðsjúkdóma og -raskana. Meðal annars hafa þeir gert rannsóknir á MND- og Parkinsonsjúkdómunum.

Í þessari rannsókn, sem birt var í vísindatímaritinu Neuropsychopharmacology fyrir skemmstu, eru helstu niðurstöðurnar þær að fjögur áður þekkt lyf og eitt nýtt lyf gefi góða svörun gegn ADHD. Þessi áður þekktu lyf eru í dag notuð gegn of háum blóðþrýstingi.

„Þetta eru lyf sem hafa verið lengi á markaði og geta verið endurskilgreind sem ADHD-lyf," segir Haraldur. Þetta eru ekki örvandi lyf og þeim fylgir því ekki sama hætta á misnotkun. Það er, þau hafa ekki bein áhrif á dópamínmóttakara í heilanum. Aukaverkanirnar eru einnig vel þekktar og eru minni en þær sem fylgja metýlfenídati.

Spurður um næstu skref segir Haraldur að það séu prófanir á mönnum, svokallaðar fasa tvö prófanir í þröngum sjúklingahópi. Gefi þær góða raun eru prófanirnar útfærðar til stærri sjúklingahóps.

Telur Haraldur að lyfjunum gæti verið vísað til þeirra sem eru með ADHD eftir kannski fjögur eða fimm ár. Ferlið sé töluvert styttra þegar verið sé að endurskilgreina gömul lyf því þau þurfa ekki að fara í gegnum sömu öryggisprófanir og ný. ■



Sebrafiskar henta vel til að prófa stór lyfjasöfn, til dæmis við tauga- og geðsjúkdómum. MYND/AÐSEND

ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
TAKK LAMBAKJÖT
ÞAKKARGJÖRÐ MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI – NÁTTÚRULEGA
Nú er þakkargjörðardagur haldinn hátíðlegur víða um heim. Það er fallegur og góður siður að nánasta fjölskylda komi saman, þakki fyrir það sem þakka ber og borði góðan mat. Og er ekki kjörið að við helgum hann matnum sem hefur fylgt okkur frá landnámi, íslenska lambakjötinu?
Skoðaðu uppskriftirnar á islensktlambakjot.is

Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Háðir samþykki Breta á kosningu

kristinnpall@frettabladid.is

SKOTLAND Hæstiréttur Bretlands úrskurðaði í gær að Skotland gæti ekki boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands án leyfis bresku ríkisstjórnarinnar.

Nicola Sturgeon, fyrsti ráðherra Skotlands, hafði lagt til dagsetningu fyrir kosningar á næsta ári. Hún sagði Skota ekki hafa gefið upp vonina.

55 prósent kjósenda í Skotlandi höfnuðu aðskilnaði árið 2014.

Sambærileg þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram árið 2014 þar sem naumur meirihluti hafnaði tillögunni um Skotland sem sjálfstætt ríki. Breska þingið hefur verið mótfallið því að kosið yrði að nýju.

Forseti hæstaréttar, Robert Reed lávarður, hafnaði hugmyndum Skota um að niðurstöður kosninganna yrðu bindandi en ekki aðeins til að kanna vilja þjóðarinnar. „Þjóðaratkvæðagreiðsla myndi hafa mikil áhrif á pólitískt samband landanna og rétt breska þingsins.“■

Öryggisráð SÞ á skyndifundi í gær

gar@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna var kallað saman í skyndi í gærkvöldi eftir að Rússar höfðu með eldflaugaárásum valdið víðtæku rafmagnsleysi í Úkraínu.

Árásum Rússa var sérstaklega beint að innviðum í orkugeira Úkraínu og landsmenn voru beðnir að leita skjóls í loftvarnabyrgjum. Höfðu erlendir miðlar eftir lögreglustjóranum Ihor Klymenko að sex hefðu látist og að 36 væru sárir. ■

Úkraína hefur varist vel í níu mánuði

Rússneski herinn réðst inn í Úkraínu þann 24. febrúar síðastliðinn. Tugþúsundir hafa látið lífið og milljónir manna flúið heimili sín. Stríðið mun líklega halda áfram að hafa áhrif á komandi kynslóðir.

helgisteinar@frettabladid.is

Íbúi í Kherson horfir yfir eyðilagða verslunarmiðstöð eftir rúmlega átta mánaða umsátur. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

ALÞJÓÐAMÁL Í dag eru liðnir níu mánuðir frá því að Vladímír Pútín fyrirskipaði sína „sérstöku hernaðaraðgerð“ og reyndi að hertaka Úkraínu. Hættan á átökum hafði vofað yfir mánuðum saman og höfðu meðal annars tugþúsundir rússneskra hermanna safnast við landamæri Úkraínu skömmu fyrir innrás.

Á mánudaginn voru liðin níu ár frá því að mótmælin byrjuðu á Maidan-torginu í Kænugarði. Forseti landsins á þeim tíma, Viktor Viktor Janúkovitsj, hafði ákveðið að hætta við samning um nánara samstarf Úkraínu við Evrópusambandið og undirritaði þess í stað samstarfssamning við Rússland. Mikil mótmæli brutust út víðs vegar um landið á meðal Evrópusinnaðra Úkraínumanna og nokkrum mánuðum síðar átti sér stað raunverulegt bylting þar sem Janúkovitsj var steypt af stóli og flúði land.

Vladímír Pútín leit á þetta sem valdarán, skipulagt af Bandaríkjunum og vesturveldunum og í kjölfarið var rússneski herinn sendur á Krímskaga sem var síðan innlimaður inn í rússneska sambandsríkið eftir atkvæðagreiðslu. Rússneski herinn var einnig sendur til austurhluta Úkraínu til að styðja við bakið á úkraínskum aðskilnaðarsinnum í Donbas-héraðinu. Þessir atburðir mörkuðu upphaf hernaðardeilna milli Rússlands og Úkraínu og stríðsins sem geisar í dag.

Upprunalega virtist sem svo að stjórnvöld í Rússlandi hafi búist við litlum sem engum mótþróa frá úkraínska hernum og að aðgerðir rússneska hersins myndu ganga jafn hratt og greiðilega fyrir sig og árið 2014. Áætlað var að forseti landsins og fyrrum grínistinn, Volodymyr Zelenskyj, myndi flýja land og úkraínska þjóðin myndi þar með falla í hendur Mosku.

Níu mánuðum síðar er stríðið enn í gangi og ekki er útlit fyrir að átökum muni linna á næstu misserum. Tugþúsundir hafa látið lífið og fleiri milljónir hafa flúið heimili sín. Pólitíska landslagið um heim allan hefur breyst og í fyrsta sinn í áratugi eru þjóðarleiðtogar daðrandi við þá hugmynd að nota kjarnorkuvopn gegn andstæðingum sínum.

Erfitt hefur reynst að sannreyna þær tölur um raunverulegt mannfall í þessu stríði þar sem mögulegt er að lagfæra slíkar staðreyndir í áróðursskyni. En ljóst er að efnahagslegur kostnaður stríðsins var rússneskum stjórnvöldum mun meiri en þau gerðu ráð fyrir.

Vestræn ríki voru fljót að beita efnahagsþvingunum og fyrirtæki á borð við Spotify, Coca-Cola, Starbucks og IKEA hafa öll yfirgefið landið. FIFA tók einnig ákvörðun um að banna Rússlandi að keppa í heimsmeistaramótinu í Katar í ár og veitingastaðurinn McDonald‘s, sem varð nokkurs konar tákn nýs upphafs þegar hann opnaði í Mosku undir lok kalda stríðsins, er farinn líka.

Stríðið færði sig einnig nýlega um set þegar tveir létust eftir að eldflaug lenti í pólskum bæ skammt frá landamæri Úkraínu. Talsmenn NATO og pólsku ríkisstjórnarinnar sögðu að sprengingin hefði verið slys sem kom að öllum líkindum frá úkraínsku loftvarnakerfi. Atvikið var engu að síður lítið alvarlegum augum þar sem árás á eitt NATO ríki er túlkað sem árás á þau öll.

Afleiðingar stríðsins munu einnig halda áfram að hafa áhrif á komandi kynslóðir. Samkvæmt samtökunum Save the Children þá hafa 900 börn að meðaltali fæðst á dag í Úkraínu í gegnum stríðið sem hefur haft alvarleg áhrif á heilsu mæðra og ungbarna. Þar að auki hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin greint frá árásum á 703 heilsugæslustöðvar um allt landið.

Úkraína – níu mánuðum eftir innrás



Mannfall – almennir borgarar:
- 6.557 látnir
- 10.074 særðir
- Flóttamenn-7,6 milljónir (Úkr.)
- Flóttamenn-2,85 milljónir (Rúss.)

Kostnaður
- Tjónið í Úkraínu metið á 252 ma. bandaríkjadollara
- Kostnaður við uppbyggingu: 348,5 ma. bandaríkjadollarar

Helstu móttökulönd flóttamanna:
Úkraína:
Rússland - Pólland - Þýskaland
Tékkland - Ítalía

Rússland:
Tyrkland - Georgía - Armenía
Serbía - Búlgaría

Heimildir: DW, Sameinuðu þjóðirnar

© GRAPHIC NEWS

Hans Kluge, forstjóri Evrópuskrifstofu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, segir að þær heilsugæslustöðvar sem ekki hafa orðið fyrir árásum séu engu að síður í vandræðum sökum árása á orkuinnviði Úkraínu. „Fæðingardeildir þurfa hitakassa, blóðbankar þurfa kæliskápa og gjörgæsludeildir þurfa öndunarvélar,“ segir Kluge og bætir við allir þurfi á orku að halda. ■

Svartur föstudagur á morgun

20% afsláttur af stórum og smáum heimilistækjum ásamt ljósum.

Gildir í vefverslun okkar á **sminor.is** með afsláttarkóðanum: **svartur**

föstudaginn 25. nóvember.

Sami afsláttur er einnig veittur í verslun okkar í Nóatúni 4.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Fimm ára ábyrgð fylgir stórum heimilistækjum frá Siemens, Bosch og Gaggenau hjá Smith & Norland, að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á heimasíðu okkar.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Forseti Alþingis þaggar að ósk ráðuneytisins

Ólafur Arnarson
olafur@frettabladid.is

Ekki virðast öll kurl komin til grafar varðandi starfsemi Lindarhvols, skúffufélags fjármálaráðuneytisins sem annaðist sölu ríkiseigna sem fengust frá föllnu bönkunum. Forseti Alþingis situr á greinargerð og eftir áramót verður mál gegn Lindarhvoli tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur.

STJÓRNSÝSLA Þann 5. apríl síðastliðinn sendi Birgir Ármannsson, forseti Alþingis, bréf til Fjármálaráðuneytisins og stjórnar Lindarhvols, félags sem ráðuneytið setti á fót til að halda utan um og selja eignir sem runnu til ríkisins sem stöðugleikaframlag frá slitabúum föllnu bankanna, og upplýsti að forsætisnefnd hefði samþykkt að afhenda fjölmiðlum greinargerð sem Sigurður Þórðarson, fyrrverandi settur ríkisendurskoðandi, um starfsemi Lindarhvols skilaði til alþingis í júlí 2018, og afhending færi fram 25. apríl kl. 12.

Forsaga málsins var sú að Jóhann Óli Eiðsson, blaðamaður, hafði óskað eftir að fá greinargerðina afhenta. Þann 28. apríl 2021 sendi Steingrímur J. Sigfússon, þáverandi forseti Alþingis, stjórn Lindarhvols bréf og upplýsir að forsætisnefnd hyggist veita Jóhanni Óla aðgang að greinargerðinni og óskar eftir því að Lindarhvoll „lýsi afstöðu sinni til þess hvort greinargerðin geymi upplýsingar um fjárhagsmálefni einstaklinga eða fyrirtækja eða mikilvæga virka fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, sbr. 9. gr. upplýsingalaga."

Þrátt fyrir ítrekuð erindi frá forseta Alþingis tók stjórn Lindarhvols og fjármálaráðuneytið enga afstöðu til þeirra atriða sem óskað var eftir heldur lögðust alfarið gegn því að greinargerðin yrði birt með vegna þess að óheimilt væri með öllu að birta hana. Forsætisnefnd leitaði eftir lögfræðiáliti sérfróðs lögmanns hjá Magna-lögmönnum sem komst að þeirri niðurstöðu að andstaða ráðuneytisins við birtingu byggði ekki á haldbærum lögfræðirökum. Við svo búið var ráðuneytið upplýst um fyrirhugaða birtingu.

Forseti Alþingis tekur u-beygju

20. apríl bárust mótmæli frá bæði fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun við fyrirhugaðri birtingu. Engin ný rök voru færð fram heldur voru endurtekin gömlu rökin, sem forsætisnefnd hafði þegar úrskurðað að væru léttvæg andspænis lögfræðiálitinu frá Magna.

Engu að síður tók Birgir Ármannsson þá ákvörðun að veita ekki aðgengi að greinargerðinni. Hafði hann þó sjálfur gert tillöguna um það til forsætisnefndarinnar.

Í umræðu undanfarinna vikna hefur mikið verið rætt um mikilvægi gagnsæis og jafnræðis við sölu ríkiseigna. Fjármálaráðherra hefur sérstaklega mælt fyrir um nauðsyn þess að tryggja að ekkert sé í skugganum og þar með hulið leyndarhyggju þegar kemur að meðhöndlun og ráðstöfun ríkiseigna. Þá hafa allir formenn ríkisstjórnarflokkana lýst því yfir opinberlega að öll gögn um sölu ríkiseigna skuli vera opinber.

Fjármálaráðherra birti nýlega lista yfir kaupendur í hlutafjárútboði Íslandsbanka, þvert á lögfræðiálit Bankasýslu ríkisins, vilja og ráðleggingar Bankasýslunnar og almennra hefða í fagfjárfestaútboði.

Greinargerðin sem deilt er um er mjög gagnrýnin á marga þætti í starfsemi Lindarhvols. Í grundvallaratriðum stangast hún á við skýrslu sem Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi skilaði til Alþingis um starfsemi Lindarhvols en sú skýrsla

Birgir Ármannsson, forseti Alþingis

fer fögrum orðum um starfsemi og umgjörð félagsins.

Í byrjun næsta árs verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur mál félagsins Frigus II á hendur Lindarhvoli. Tilefni málshöfðunarinnar er útboð og sala Lindarhvols á hlut ríkisins í Klakka haustið 2016. Um var að ræða sölu á hlutafé og samhangandi kröfum í Klakka.

Stjórn Lindarhvols, sem var skúffufélag í Fjármálaráðuneytinu, hafði falið Íslögum, lögfræðistofu í eigu lögmannsins Steinars Þórs Guðgeirssonar, að sjá um rekstur félagsins. Steinar var jafnframt stjórnarmaður í Klakka, auk þess að sinna margvíslegum störfum og verkefnum á vegum Lindarhvols, Fjármálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands.

Stjórn Lindarhvols hafði látið Deloitte meta virði hlutar ríkisins í Klakka og var niðurstaðan úr því verðmati tæpur milljarður.

Helmingsafsláttur á ríkiseign

Steinari Guðgeirssyni var falið að sjá um sölu hlutarins í Klakka þrátt fyrir að hann væri þá stjórnarmaður í félaginu. Afar takmarkaðar upplýsingar voru veittar um eignina í söluferlinu þrátt fyrir að um verulega flókna eign væri að ræða. Kröfur á Klakka skiptust í misjafnlega verðmæta flokka en það mun ekki hafa komið fram í söluferlinu. Síðar kom í ljós að aðilar sem hugðust bjóða í eignina treystu sér ekki til þess vegna skorts á upplýsingum.

Eignin var auglýst til sölu í smáauglýsingum DV og á heimasíðu Lindarhvols.

Þegar upp var staðið nam söluverðmæti eignarhlutarins í Klakka 505 milljónum króna. Þetta felur í sér u.þ.b. 50 prósenta afslátt frá því verði sem stjórn Lindarhvols og Steinari Þór var kunnugt um að væri verðmat Deloitte á hlutnum. Þessu til viðbótar voru eignir Klakka færðar upp um 15 prósent tveimur mánuðum eftir undirritun kaupsamnings.

Kaupendur að hlut ríkisins í Klakka voru nátengdir fyrirtækinu. Forstjóri Klakka undirritaði kauptilboðið. Seljandinn, sem tók við tilboðum á ódulkóðuðu rafrænu formi, var stjórnarmaður í Klakka. Þegar salan fór fram lá fyrir fjárhagsuppgjör félagsins sem forstjóri og stjórn Klakka höfðu undir höndum en ekki aðrir vegna þess að það hafði ekki verið gert opinbert.

Steinar Þór Guðgeirsson var stjórnarmaður í Klakka

Uppgjörið sýndi mun betri afkomu en aðrir en stjórnendur Klakka hefðu mátt gera ráð fyrir eða rúmlega 600 milljón króna hagnað. Í þeim málaferlum sem síðan hafa sprottið hefur Steinar tekið að sér að vera lögmaður Lindarhvols. Ríkislögmaður ætti að sinna því en í undanteknwingartilfellum má kalla til utanaðkomandi lögmenn, en til þess þarf sérstakt leyfi frá viðkomandi ráðuneyti samkvæmt lögum um ríkislögmann. Þessi heimild mun undir eðlilegum kringumstæðum einungis vera notuð þegar ríkislögmaður er vanhæfur í málum, sem ekki mun eiga við í þessu tilfelli.

Tvískinnungur ráðuneytis

Sigurður Valtýsson, forsvarsmaður Frigusar II, segir Lindarhvol hafa gert allt til að koma í veg fyrir sjálfsagða afhendingu gagna í söluferli á ríkiseign frá því að söluferlinu lauk, tapað 10 úrskurðum hjá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál og enn séu ekki öll kurl komin til grafar.

Í ljósi þess að óeðlilegt þykir að starfsmenn miðlunar í Íslandsbanka hafi keypt í nýliðnu útboði, segist Sigurður velta fyrir sér hvað megi þá segja um þá staðreynd að stjórnarmaður Klakka hafi verið umsjónarmaður með útboði á hlut ríkisins í félaginu og haldið leyndum fyrirliggjandi gögnum um hið selda og mælt svo með því að tilboði forstjóra Klakka yrði tekið.

Harðort bréf frá Sigurði Þórðarsyni um rangfærslur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem kom út í maí 2020, liggur hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

Málið hefur verið hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd frá því á síðasta kjörtímabili og Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að fyrrverandi stjórnarmenn í Lindarhvoli hafi neitað að koma fyrir nefndina nema með ákveðnum skilyrðum.

Málshöfðun Frigusar II snýr meðal annars að því að hefðbundin vinnubrögð hafi ekki verið viðhöfð við söluna. Til dæmis hafi tilboð ekki verið opnuð í viðurvist bjóðenda.

Í grein sem birtist í Morgunblaðinu 12. nóvember 2016 undir yfirskriftinni „Gengið á svig við meginreglur við sölu ríkiseigna" er haft eftir forstjóra Ríkiskaupa að þrátt fyrir að ekki sé skylt að styðjast við lög um opinber innkaup við sölu ríkiseigna að þá séu þau „sá vettvangur sem tryggir gagnsæi og jafnræði milli bjóðenda".

Birgir Ármannsson, forseti Alþingis, segist ekki ætla að tjá sig um málið að svo stöddu. „Málið er enn til umfjöllunar á vettvangi forsætisnefndar og á meðan ætla ég ekki að fara út í umræður á opinberum vettvangi um einstaka þætti þess."

Oddný Harðardóttir, 2. varaforseti Alþingis, segir það vera sína skoðun að eftir að forsætisnefnd samþykkti að veita aðgang að greinargerð Sigurðar Þórðarsonar hafi ekkert nýtt komið fram sem ætti að koma í veg fyrir að sú ákvörðun standi og greinargerðin opinberuð.■

Tímalína sölunnar á Klakka

Í málshöfðun Frigusar II kemur fram að BLM fjárfestingar ehf. hafi 30. september 2016 gert tilboð í hluti ríkisins í Klakka upp á 428 krónur. Forstjóri Klakka er eini stjórnarmaðurinn í BLM fjárfestingum.

Klukkan 15.54 þann 14. október 2016 sendir Kvika banki inn tilboð fyrir hönd Frigusar II í tölvupósti upp á 501 milljón króna í tölvupósti á netfangið soluferli@lindarhvolleignir.is. Móttaka staðfest mínútu síðar. Tilboðið er 16,9 prósent hærra en tilboð BLM.

Klukkan 15.55 þann 14. október er fulltrúi BLM sagður hafa afhent Steinari Þór Guðgeirssyni persónulega nýtt tilboð frá BLM. Tilboðið er upp á 505 milljónir.

Klukkan 15.59 þann 14. október sendir Ásaflöt (félag í eigu starfsmanna Klakka) tilboð í hlutinn í Klakka. Tilboðið, sem er upp á 502 milljónir, er undirritað af forstjóra Klakka.

Klukkan 16.00 þann 14 október rennur út frestur til að skila tilboðum í hlut ríkisins í Klakka.

Þann 1. nóvember 2016 er undirritaður kaupsamningur við forstjóra Klakka fyrir hönd BLM með vaxtaákvæði, sem ekki var inni í samþykktu kauptilboði og varð endanlegt kaupverð því 508 milljónir.

Þann 16. nóvember 2016 birtir stjórn Klakka árshlutauppgjör félagsins sem sýnir 603 milljóna hagnað.

Lindarhvoll, skúffufélag fjármálaráðuneytisins, er sakað um að hafa mismunað tilboðsgjöfum í ríkiseign. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nú er það

RAUTT

frá kl. 18:00 **24**. til kl. 8:00 **29. nóv.**

20-60%

afsláttur

af öllum vörum í verslun

Hallarmúla og netverslun

TÆKIFÆRI TIL AÐ GERA FRÁBÆR KAUP!

FJALLA KOFINN

Hallarmúli 2 I s: 510 9505 I fjallakofinn.is

Áætlað er að drónar taki við af leigubílum Jeju-eyju árið 2025.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Drónar taka við af leigubílum

helgisteinar@frettabladid.is

Yfirvöld á Jeju-eyju í Suður-Kóreu hafa tilkynnt að þau muni innleiða nokkurs konar leigubílaþjónustu sem felst í því að ferja farþega á milli staða á eyjunni með drónum innan þriggja ára. Dagblaðið Korean Herald greinir frá því að áætlað sé að notast við strandleiðir til að ferja fólk á milli þriggja vinsælustu áfangastaðanna á Jeju.

Áætlunin er samvinnuverkefni á milli yfirvalda Jeju, suður-kóreska flugfyrirtækisins Kencoa Aerospace og Jeju Free International City Development Center.

Fyrsti áfangi verkefnisins mun fela í sér að ferja fólk á milli alþjóðaflugvallarins og suðvesturodda eyjunnar. Þaðan er síðan stutt fyrir ferðamenn að heimsækja smáeyjurnar Moselupo, Gapado og Marado.

Verkefnið gerir einnig ráð fyrir byggingu á nýjum hótelum sem munu geta tekið á móti þessum „leigubíladrónum“ og telja ráðamenn einnig að flug nálægt strandlengju eyjunnar muni bjóða farþegum upp á stórkostlegt útsýni yfir eyjuna.

Chung Chan-young, framkvæmdastjóri Kencoa Aerospace, segir að með þessu verkefni yrði ferðamönnum kleift að stíga upp í leigudróna sem myndu taka á loft og ferja þá beint til vinsælla ferðamannastaða á eyjunni. ■

Áform um ÍL-sjóð gegn stjórnarskrá

„Fyrirhuguð lagasetning fjármálaráðherra um gjaldþrot eða sambærileg skuldaskil ÍL-sjóðs fer í bága við stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu,“ segir í fréttatilkynningu frá íslenskum lífeyrissjóðum. Vitnað er í lögfræðiálit LOGOS.

„Er í áliti LOGOS vitnað til þess að slíkt inngrip fæli í sér eignarnám eða annars konar skerðingu eignarréttinda sem færi í bága við stjórnarskrá og skapaði íslenska ríkinu bótaskyldu gagnvart skuldabréfaeigendum,“ segir áfram í tilkynningunni. ■

Elísa Arna Hilmarsdóttir, hagfræðingur Viðskiptaráðs, hefði viljað sjá peningastefnunefnd bíða og sjá vegna óvissu í kjaraviðræðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Finnst sérkennilegt að hækka stýrivexti á þessum tímapunkti

Hagfræðingur Viðskiptaráðs segir viðbúið að hækkun stýrivaxta um 0,25 prósentustig helli olíu á eldinn í yfirstandandi kjaraviðræðum. Hún segist ekki sjá merki um stórar breytingar eða sveiflur í efnahagslífinu sem rökstyðji ákvörðunina.

ggunnars@frettabladid.is

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands ákvað í gær að hækka vexti bankans um 0,25 prósentustig. Meginvextir bankans fóru því úr 5,75 prósentum í 6. Í rökstuðningi nefndarinnar kom fram að verðbólga hefði aukist lítillega á ný í október og mælst 9,4 prósent.

Nefndin gerir ráð fyrir að verðbólga haldist óbreytt til ársloka en taki svo smám saman að hjaðna. Verði um 4,5 prósent á síðasta ársfjórðungi 2023.

Elísa Arna Hilmarsdóttir, hagfræðingur Viðskiptaráðs, segir að ákvörðun Seðlabankans hafi komið sér á óvart.

> Maður hefði haldið að hægt væri að anda ofan í kviðinn og halda vöxtum óbreyttum.

„Ef ég á að segja alveg eins og er þá óttaðist maður að þetta yrði raunin, þótt maður vonaðist auðvitað eftir óbreyttum vöxtum vegna efnahagsástandsins. Þannig að já, mér brá heldur betur í brún við þessa 25 punkta hækkun sem blasti við manni í gær.“

Elísa segir að þótt vissulega sé ákvörðunin sérkennileg þá sýni því flestir skilning að Seðlabankinn sé í klemmu. Verðbólga sé ekki bara há heldur sé hún á breiðari grunni en áður. Þá hafi verðbólguvæntingar hækkað.

„En stóra málið snýr auðvitað að yfirstandandi kjaraviðræðum. Þeim hefur þegar verið vísað til ríkissáttasemjara. Þannig að í þessu ástandi, með alla þessa spennu á vinnumarkaði og háa verðbólgu, þá hefði maður haldið að hægt væri að anda ofan í kviðinn og halda vöxtum óbreyttum,“ segir Elísa.

Hún bætir við að rannsóknir sýni að áhrif ákvarðana peningastefnunefndar komi ekki að fullu fram fyrr en að 12 til 18 mánuðum liðnum. Áhrif fyrri ákvarðana eigi því enn eftir að koma í ljós. Einmitt þess vegna hefði verið skiljanlegt að bíða og sjá á þessum tímapunkti.

Enda hafa greiningardeildir bankanna talið líklegast að Seðlabankinn myndi halda að sér höndum í gær. Þar hafi sérfræðingar litið svo á að boltanum hefði verið kastað yfir til verkalýðshreyfingarinnar við síðustu vaxtaákvörðun.

„Þá var varla hægt að skilja seðlabankastjóra öðruvísi en svo að bankinn væri búinn að skila sínu. Háir stýrivextir væru farnir að hafa áhrif og nú væri komið að aðilum vinnumarkaðarins. Seðlabankastjóri kastaði boltanum svolítið þangað. En nú er eins og Seðlabankinn sé að hrifsa boltann til sín aftur. Sem er einkennilegt á þessum tímapunkti því ég sé ekki neinar stórar breytingar eða sveiflur sem rökstyðja þessa u-beygju. Seðlabankinn á fyrst og fremst að vera framsýnn. Hann á ekki að vera flotholt sem sveiflast með hverri öldu. Hann á að vera akkeri,“ segir Elísa.

Hún segist óttast að ákvörðun Seðlabankans frá í gær geri lítið annað en hella olíu á eldinn í yfirstandandi kjaraviðræðum. ■

Þrálátar vaxtahækkanir Seðlabankans forsendubrestur

olafur@frettabladid.is

Eftir vaxtahækkun Seðlabankans í gær, þá tíundu í röðinni frá því að vaxtahækkunarferlið hófst í maí 2021, eru stýrivextir bankans 6 prósent. Í byrjun maí 2021 voru þeir 0,75. Stýrivextir hafa því áttfaldast á 18 mánuðum.

Fréttablaðið hefur undir höndum upplýsingar um húsnæðislán sem tekið var í mars 2020. Lánið er óverðtryggt jafngreiðslulán með breytilegum vöxtum til 40 ára og upphafleg lánsfjárhæð var 37,8 milljónir króna, sem verður að teljast hóflegt miðað við íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrsta afborgun lánsins var 1. apríl 2020 en fyrsta afborgun með vöxtum fyrir heilan mánuð var 1. maí. Greiðslan þá nam 159.537 krónum og var svo samsett að afborgunin nam 31.746 krónum, vextir 127.271 og kostnaður var 520 krónur.

Greiðslur fóru svo lækkandi í takt við stýrivaxtalækkanir Seðlabankans fram til 1. janúar 2021. Þá nam heildargreiðslan 142.580 krónum og var svo samsett að afborgun nam 38.969 krónum, vextir 103.091 og kostnaður var 520 krónur. Þessi mánaðargreiðsla hélst óbreytt fram í júlí og í hverjum mánuði hækkaði afborgunarhluti hennar um rúmar eitt hundrað krónur og vaxtahlutinn lækkaði samsvarandi.

Í júlí hækkaði viðskiptabanki lántakandans vexti eftir fyrstu vaxtahækkun Seðlabankans. 1. nóvember 2021 nam heildargreiðsla af láninu 150.286 krónum, þar af var afborgun 36.929, vextir 112.837 og kostnaður 520 krónur.

Þann 1. nóvember síðastliðinn nam heildargreiðslan af láninu 230.502 krónum, sem skiptist þannig að afborgunin var 17.202 krónur, vextir 212.780 og kostnaður 520 krónur.

Nú hefur Seðlabankinn enn hækkað vexti og greiðslubyrðin þyngist enn. Á einu ári hefur greiðslubyrði aukist um meira en 80 þúsund krónur og næstum 90 þúsund frá því vaxtahækkunarferlið hófst. Lántakandinn, sem ekki vill láta nafns síns getið, talar um að hér sé um forsendubrest að ræða. ■

Lántakandi með óverðtryggt lán á breytilegum vöxtum segir vaxtahækkanir Seðlabankans valda forsendubresti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þinn árangur
Okkar keppikefli
Fagleg og persónuleg
þjónustu á sviði fjármála
og viðskipta.
Grant Thornton
grantthornton.is
Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Traust og regla

Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser
@frettabladid.is

Í allri umræðunni um þá auknu hörku sem blasir við undirheimunum hér á landi er mikilvægt að hafa í huga að lögreglumennirnir sem sendir eru á vettvang hverju sinni eru manneskjur sem eru að rækja erfiðar skyldur sínar, oft og tíðum við óbærilegar aðstæður. Og ekki þarf að efast um það nokkru sinni að oftar en ekki taka laganna verðir að sér verkefni sem kunna að ganga gegn gildum þeirra sjálfra.

Jafnvel enn mikilvægara er að hafa í huga, hverju sinni sem stórir og smáir hópar fólks fara að tjá sig um lögregluaðgerðir, að þessar manneskjur sem eiga og þurfa að framfylgja lögum og reglum í landinu, eru bara venjulegir landsmenn sem eiga sér fjölskyldur, börn og maka – og þrá það heitast að komast klakklaust heim af vaktinni sinni.

Og það er í þessu ljósi sem ræða þarf af yfirvegun hvort og hvernig eigi að efla starfsumhverfi lögreglunnar svo hún geti sinnt störfum sínum af sem mestu öryggi, jafnt fyrir borgarana í landi og laganna verði – og notið áfram trausts.

Lögreglumenn eru vel menntaðir fagmenn á sínu sviði og engir nema þeir einir þekkja hvernig dekkstu hliðar samfélagsins geta birst svo til óforvarandis. Þess vegna er eðlilegt að meta óskir þeirra sjálfra um aukinn vopnabúnað, svo sem rafbyssur, og frekari heimildir til að ráða við þá ógn sem blasir við þeim, jafnt að nóttu sem degi.

Í þessum efnum snýr spurningin ekki síst að því hvort lögreglumenn hér á landi eigi að hafa aðgang að sömu tækjum og tólum og kollegar þeirra á öðrum Norðurlöndum hafa yfir að ráða – og ef ekki, er líklega nauðsynlegt að rökstyðja það af hverju þeir íslensku eigi að vera eftirbátar starfssystkina sinna í þeim löndum sem við viljum helst og mest bera okkur saman við.

Og svo er hún líka æði ágeng enn ein spurningin frá síðustu og verstu tímum; verður það svo að lögreglan haldi ekki í við bófana af því þeim síðarnefndu er það í sjálfsvald sett að bæta aðferðir sínar á meðan lögreglunni er meinað að gera það?

Þessi umræða þarf að fara fram af stillingu, án upphrópana og þaðan af síður alhæfinga, en lögreglumenn þessa lands eiga það einfaldlega skilið. Slíkt er starfsumhverfi þeirra. ■

> Lögreglumenn eru vel menntaðir fagmenn á sínu sviði og engir nema þeir einir þekkja hvernig dekkstu hliðar samfélagsins geta birst.

Halldór

Frá degi til dags

helenaros@frettabladid.is

Lögregluleki
Talið er að myndband sem sýnir innrás fjölda grímuklæddra manna í Bankastræti Club síðastliðið fimmtudagskvöld komi úr gagnagrunni lögreglunnar. Myndbandið hefur verið í mikilli dreifingu á samfélagsmiðlum. Þar má sjá einstaklinga hlaupa inn í VIP-herbergi klúbbsins og ráðast að þremur einstaklingum eins og í bandarískri bíómynd. Algjörlega galið. Eitthvað sem sennilega fæstir hefðu getað ímyndað sér að verða vitni að þetta fimmtudagskvöld. Lögreglan hefur staðfest að málið sé til skoðunar hjá héraðssaksóknara. Óheppilegt.

Eitt skemmt epli
Það hlýtur að teljast leiðinlegt með öllu ef rannsókn á málinu staðfestir að starfsmaður lögreglunnar hafi lekið myndbandinu. Lögreglan hefur nefnilega staðið sig betur nú en oft áður í upplýsingagjöf til fjölmiðla og almennings í tengslum við þetta mál. Mikil áhersla hefur verið lögð á upplýsingagjöf í málinu sem ber að fagna – því það er nýjung. Tugir lögreglumanna hafa unnið sleitulaust að rannsókn málsins auk fleiri aðila. Enda málið mjög umfangsmikið en þrjátíu hafa verið handteknir í tengslum við það. Einmitt núna þegar lögreglan þarf mest á trausti almennings að halda væri því leiðinlegt ef einn aðili nær að rýra traust til lögreglunnar af því viðkomandi gat ekki staðist freistinguna. Óheppilegt. ■

Sorgarleyfi vegna andláts foreldris

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
þingmaður
Viðreisnar

Ár hvert verða um 100 börn á Íslandi fyrir því þunga áfalli að missa foreldri. Á árunum 2009–2018 misstu rúmlega 1.000 börn á Íslandi foreldri samkvæmt tölum Hagstofunnar en þá létust 649 foreldrar barna undir 18 ára aldri; 448 feður og 201 móðir. Um 40% foreldranna létust úr krabbameinum. Í ofanálag við lífsins stærstu sorg þessara barna þá glímir það foreldri sem eftir stendur við erfiðar aðstæður, tekjumissi og jafnvel fjárhagsáhyggjur.

Ég hef lagt fram frumvarp um sorgarleyfi vegna makamissis fyrir fjölskyldur þar sem börn undir 18 ára aldri hafa misst foreldri. Þar er lagt til að foreldrar barna yngri en 18 ára sem missa maka sinn fái heimild til að taka allt að sex mánaða leyfi frá vinnu og greiðslur frá Vinnumálastofnun á meðan. Hægt verði að taka leyfið á tveggja ára tímabili frá andláti makans.

Fjölskylduaðstæður eru auðvitað ólíkar og hugtakið foreldri er þess vegna skilgreint víðara en almennt er gert í lögum. Aðrir en foreldrar eða forsjáraðilar geta þannig talist foreldrar í skilningi laganna hafi þau gegnt foreldraskyldum gagnvart barni tólf mánuði eða lengur. Þá eru líka lagðar til útfærslur vegna mismunandi aðstæðna fólks á vinnumarkaði og um styrk í tilviki námsmanna.

Miklu skiptir að þessum fjölskyldum sé veitt svigrúm til sorgarúrvinnslu og til að vera til staðar fyrir þau börn sem ganga í gegnum sára sorg og missi. Foreldrar í þessari stöðu eru nú háðir því að vinnuveitandi hafi svigrúm til að veita frí eða sveigjanleika í starfi. Hugsunin að baki er ekki síst hagsmunir barnanna sem í hluti eiga.

Sorgarmiðstöðin og Krabbameinsfélagið hafa bent á mikilvægi þess að festa sorgarleyfi í lög. Alþingi getur veitt þessum fjölskyldum mikilvægan stuðning með því að sameinast um þetta frumvarp. Í því felast skilaboð um að við ætlum sem samfélag að vera til staðar fyrir þau börn sem missa foreldri. ■

> Hugsunin að baki er ekki síst hagsmunir barnanna sem í hlut eiga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Guðmundur Gunnarsson *ggunnars@frettabladid.is*, **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Þorvaldur S. Helgason *tsh@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Í álögum

Af Kögunarhóli

Þorsteinn Pálsson

„Maður upplifir sig bara sem vonda karlinn, það er bara þannig.“

Þetta er tilvitnun í Daða Hjálmarsson, útgerðarstjóra KG Fiskverkunar, sem einnig situr í stjórn Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Tilefnið er frásögn Fréttablaðsins fyrir viku af nýrri rannsókn Kristjáns Vigfússonar kennara við Háskólann í Reykjavík á viðhorfi stjórnenda í sjávarútvegi til starfsumhverfis greinarinnar.

Óvissa

Kristján segir að skortur á framtíðarsýn stjórnvalda skapi mikla óvissu og sé að mati stjórnenda fyrirstaða, sem valdi áhættu í fjárfestingum og uppbyggingu og bitni á samkeppnishæfni greinarinnar.

Rannsóknin sýnir að hávær og neikvæð pólitísk umræða um sjávarútveg hafi mikil áhrif. Ein ástæða kvótasamþjöppunar er óvissa sem skapast í kringum kosningar. Sumir minni aðilar selji þá aflahlutdeildina.

Kristján Vigfússon segir: „Það sem kom mér kannski mest á óvart var hversu mikill tími og orka fer í það hjá æðstu stjórnendum að takast á við stjórnvöld og bregðast við almennri pólitískri umræðu um greinina í fjölmiðlum.

Einnig finnst mér áhugavert hvernig skortur á framtíðarsýn stjórnvalda og getuleysi til að ná sáttum um sjávarútveginn hefur áhrif á greinina og viðheldur sífelldum átökum, sem ekki sér fyrir endann á.“

Óheilbrigt

Erfitt er að draga í efa að góðir stjórnendur í sjávarútvegi upplifi sjálfa sig í eins konar álagaham vonda karlsins. Slík upplifun er vissulega til marks um óheilbrigt ástand.

Að svo miklu leyti sem draga má ályktanir af skoðanakönnunum virðist meirihluti þjóðarinnar hins vegar líta svo á að stjórnendur í sjávarútvegi hafi ekki lagt sitt af mörkum til þess að losna úr þessum álögum.

Stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækjanna hafa hins vegar rétt fyrir sér með óvissuna. Samkvæmt gildandi löggjöf er unnt að afturkalla alla úthlutun aflahlutdeilda án fyrirvara. Greinin hefur þannig lítið lagalegt öryggi.

Engin ríkisstjórn hefur beitt þessu valdi í óhófi. En margar ríkisstjórnir bæði til hægri og vinstri hafa þó flutt verulegar aflaheimildir frá útgerðum í aflahlutdeildarkerfinu til smábáta. Núverandi ríkisstjórn áformar stærsta tilflutning af því tagi til að auka pólitískt réttlæti einmitt rétt fyrir næstu kosningar.

Pólitískt öryggi

Árið 2000 lagði auðlindanefndin til að óvissunni, sem útgerðarmenn kvarta réttilega yfir, yrði eytt með tímabundnum nýtingarsamningum, sem nytu réttarverndar sem óbein eignaréttindi. Á móti kæmi sanngjarnt auðlindagjald.

Þegar frá leið höfnuðu stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja lagalegu öryggi af því tagi. Þeir kusu að halda lagalegri óvissu en ákváðu að verja öryggið sjálfir í gegnum pólitísk sambönd.

Það hefur gengið sæmilega, þó að hlutur smábáta hafi smám saman verið aukinn. En það tekur mikla orku og tíma.

Skiljanlegt er að stórhuga áform sjávarútvegsráðherra um meiri pólitískan tilflutning virki sem ný ógn.

En þetta er leið sem atvinnugreinin kaus. Pólitískt öryggi er minna en lagalegt öryggi. Lagalegt öryggi er dýrara en það pólitíska. Þetta er veruleiki, sem allir þurfa að horfast í augu við.

Markaðslausn

Þó að samstaða væri í auðlindanefndinni um að eyða óvissunni og tryggja lagalegt öryggi aflahlutdeildarkerfisins var ágreiningur um hvort finna ætti sanngjarnt auðlindagjald með pólitískri álagningu eða eftir fyrningarleið.

Formaður nefndarinnar, Jóhannes Nordal, hefur nú sent frá sér einstakt öndvegisrit um efnahagssögu Íslands á tuttugustu öld undir heitinu: Lifað með öldinni. Þar segist hann eindregið hafa verið þeirrar skoðunar að fyrningarleið hefði verið sanngjarnari og líklegri til að ná sátt þegar til lengri tíma væri litið.

Skilaboð hans til 21. aldarinnar eru þessi: „Þótt fyrningarleiðinni hafi verið hafnað tel ég nauðsynlegt að halda áfram að leita nýrrar leiðar til að byggja álagningu veiðigjalda á markaðslegu mati á virði auðlindarentunnar í stað þess að þau þróist í að verða einhvers konar viðbótartekjuskattur á útgerðina.“

Töfrasprotinn

Það er brýnt að losa stjórnendur fyrirtækja í sjávarútvegi úr álagaham vonda karlsins. Jóhannes Nordal, höfuðsmiður frjálslyndrar efnahagsstefnu á Íslandi, er með töfrasprotann.

En hann nær ekki til þeirra, sem kjósa að vera ósnertanlegir.

Það er ekki unnt að kæfa frjálslynda stjórnmálaumræðu um markaðslausnir og langtíma lagalegt öryggi í svo mikilvægri atvinnugrein. ■

Leggjum réttlætinu lið í Íran

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra

Það hefur verið í senn átakanlegt og aðdáunarvert að fylgjast með atburðarás undanfarinna vikna í Íran. Aðdáunarvert vegna framgöngu friðsamra mótmælenda sem krefjast sjálfsagðra mannréttinda, ekki síst fyrir konur og stúlkur, þrátt fyrir að eiga á hættu grimmilega refsingu. Átakanlegt vegna viðbragða yfirvalda í landinu sem hafa barið þessi mótmæli niður af fádæma hörku og hrottaskap. Mannréttindasamtök telja að hartnær fjögur hundruð mótmælendur hafi verið drepnir. Um fjörutíu börn eru þar á meðal. Hátt í sautján þúsund hafa verið hneppt í varðhald. Fimm eiga yfir höfði sér dauðadóm í tengslum við mótmælin.

Í dag fjallar mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna um alvarlega stöðu mannréttinda í Íran á sérstökum aukafundi sem er haldinn að beiðni Þýskalands og Íslands. Af því tilefni verðum við Annalena Baerbock, utanríkisráðherra Þýskalands, viðstaddar umræðuna í Genf til að leita stuðnings ráðsins við að Sameinuðu þjóðirnar hefji þegar í stað markvissa söfnun á upplýsingum og gögnum um yfirstandandi atburði og leggi þannig betri grundvöll að því að hægt verði að draga gerendur til ábyrgðar.

Öllum ríkjum ber skylda til að virða og vernda mannréttindi borgara sinna. Þess vegna er svo mikilvægt að ríki heims tali skýrri röddu og sýni festu í málinu. Það var ekki sjálfgefið að mannréttindaráðið féllist á að halda sérstakan aukafund um málið en það gefur vonandi fyrirheit um að ráðið sendi í dag frá sér afdráttarlaus skilaboð um að framganga klerkastjórnarinnar verði ekki með nokkru móti liðin.

> **Öllum ríkjum ber skylda til að virða og vernda mannréttindi borgara sinna. Þess vegna er svo mikilvægt að ríki heims tali skýrri röddu og sýni festu í málinu.**

Frá því að þessi mikla mótmælahrina upphófst í kjölfar dauða Jina Mahsa Amini, hefur Ísland ekki látið sitt eftir liggja. Auk fundarins í dag höfum við fordæmt ofbeldi íranskra stjórnvalda gagnvart mótmælendum á vettvangi mannréttindanefndar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna og mannréttindaráðsins. Þar skoruðum við jafnframt á Íran að standa fyrir óháðri rannsókn á dauða Amini og virða grundvallarmannréttindi fólks. Við höfum líka tekið þátt í þvingunaraðgerðum Evrópusambandsins gagnvart einstaklingum og stofnunum sem ýmist eru talin bera ábyrgð á dauða Amini eða ofbeldi gegn friðsömum mótmælendum í landinu.

Gagnrýni Íslands vegna mannréttindaástandsins í Íran nær þó lengra aftur. Þannig er Ísland í forystu fyrir árlegri ályktun um ástand mannréttinda í Íran á vettvangi mannréttindaráðsins til að tryggja áframhaldandi umboð sérstaks skýrslugjafa um málefni Írans. Sá er meðal margra sérstakra fulltrúa mannréttindaráðsins sem fordæmt hafa aðgerðir íranskra stjórnvalda og kallað eftir óháðri rannsókn og að þau sem beri ábyrgð verði sótt til saka. Við erum líka meðflytjendur árlegrar ályktunar um mannréttindamál í Íran sem verður tekin fyrir á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York í desember.

Mál Jina Mahsa Amini og ofbeldi klerkastjórnarinnar í Íran gagnvart mótmælendum hefur hvarvetna vakið hörð viðbrögð. Ég hef svo sannarlega orðið þess áskynja, bæði hér heima og erlendis. Og skyldi engan undra.

Allur þorri fólks fyllist án efa bæði sorg og reiði yfir því hvernig frelsi fólks til að haga sínu lífi og kröfur þess um að stjórnvöld virði sjálfsögð mannréttindi eru fótum troðin. Við verðum að geta dregið þau til ábyrgðar sem staðið hafa fyrir morðum, limlestingum og frelsissviptingum á saklausu fólki. Ályktun mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í dag yrði mikilvægt skref í þá átt. ■

Strætó og SORPA – útvistun

Kolbrún Baldursdóttir
borgarfulltrúi
Flokks fólksins

Helga Þórðardóttir
varaborgarfulltrúi
Flokks fólksins

Flokkur fólksins vill stíga varlega til jarðar þegar kemur að útvistun opinberra verkefna til einkaaðila, sérstaklega þegar kemur að beinni þjónustu við viðkvæma hópa. Þegar talað er um beina þjónustu við fólkið er átt við „maður á mann þjónustu“. Útvistun slíkrar þjónustu getur leitt til þess að þjónustan færist fjær fólkinu sem hana nýtir og að persónulegar þarfir fólks verði virtar að vettugi. Útvistun er ekki ávísun á sparnað og reynist oft dýr kostur. Hafa skal í huga að varla er nokkurt fyrirtæki að óska eftir verkefni nema komið sé út í hagnaði. Vissulega getur Reykjavíkurborg sett ýmis skilyrði í útboðssamning til að tryggja að þjónustan verði ávallt fullnægjandi og samkvæmt bestu gæðum. Ef litið er í baksýnisspegilinn má hins vegar sjá að eitt og annað hefur farið úrskeiðis þegar kemur að útvistun á viðkvæmri þjónustu og sporin hræða.

Í ljósi þess telur Flokkur fólksins að útvistun þjónustuverkefna Strætó bs. sé ekki ráðlegt. Vel mætti hins vegar skoða að bjóða út viðhaldsþætti. Flokkur fólksins hefur lagt fram fyrirspurn í borgarráði hvort Reykjavík hafi í hyggju að styðja einkavæðingu á Strætó. Sjá má ef litið er til sögunnar að útvistanir reksturs af þessum toga til einkaaðila hafa gengið misvel auk þess sem útvistanir geta leitt til verra starfsumhverfis og verri þjónustu. Einnig má gera því skóna að verði reksturinn boðinn út takmarkast möguleikar á að hafa t.d. frítt í strætó. Vísað er til slæmrar reynslu af útvistun almenningssamgangna í Bretlandi og Svíþjóð.

Fulltrúar Flokks fólksins hvetja sveitarfélögin sem eiga Strætó bs.; Reykjavíkurborg, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ að veita nægilegu fé til rekstursins og standa í lappirnar gagnvart ríkinu, sem ekki stóð við loforð um að veita fé til rekstrarins í Covid-19 faraldrinum. Einnig þarf að hefja rekstur næturstrætó hið fyrsta sökum fráflæðisvanda úr miðbænum, einna helst um helgar.

Er hægt að spara í sorphirðu?

Flokkur fólksins telur á hinn bóginn að sjálfsagt sé að skoða hvort það sé hagkvæmt að bjóða út sorphirðu a.m.k. að hluta til. Í því sambandi lagði Flokkurinn fram tillögu í umhverfis- og skipulagsráði þess efnis að SORPA kanni ávinning þess að bjóða út sorphirðu í einu póstnúmeri Reykjavíkur til að byrja með. Með því að bjóða út sorphirðu í einu póstnúmeri og meta árangurinn er hægt að sjá kosti og galla þess verklags. Hafa má í huga í þessu sambandi að flest sveitarfélög önnur en Reykjavík bjóða út sorphirðu. Ef horft er til þeirra hefur enn ekkert komið fram sem bendir til þess að útvistun sé verri kostur, hvorki í þjónustu eða kostnaði. Í skýrslu norrænu samkeppniseftirlitsstofnana kemur fram ábending um að með slíku megi ná fram allt að 10-47% sparnaði auk þess sem samkeppni geti skapað nýjar lausnir, hagræðingu og skilvirkni. Það væri ábyrgðarleysi ef Reykjavíkurborg ætlar að hunsa þessar ábendingar. Reykjavíkurborg er ekkert öðruvísi en þau sveitarfélög sem skoðuð voru í umræddri skýrslu. Ábendingar samkeppniseftirlitsins koma ekki til af ástæðulausu og skulu því skoðaðar með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi.

Til að ná fram markmiðum Flokks fólksins um að bæta lögbundna þjónustu og aðra mikilvæga þjónustu, t.d. að vinna niður biðlista, er nauðsynlegt að velta við hverri krónu. Spyrja þarf hvar er hægt að ná meiri hagkvæmni og nýta fjármagn betur til að nota í þá grunnþætti sem þarf að efla og bæta. ■

fjölbreytt úrval

Skíðaferða

Val di Fassa, Madonna og Pinzolo

Fjöldi brottfara í janúar og febrúar

Margir Íslendingar þekkja án efa ítölsku skíðasvæðin í Madonna og Selva, enda hafa landsmenn ferðast þangað í meira en 20 ár.

Nú bjóða Heimsferðir upp á skíðaferðir annars vegar til Canazei og Campitello í Val di Fassa dalnum (sem eru á sama svæði og Selva) og hins vegar til Madonna di Campiglio og Pinzola í Val Rendena dalnum.

7 nætur

Flug & hótel frá

152.200

á mann

Pinzolo

Hotel Pinzolo Dolomiti

21. janúar í 7 nætur ★★★☆☆

Frá kr. 152.200 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði

Madonna

Alpen Hotel Vidi

28. janúar í 7 nætur ★★★★☆

Frá kr. 275.800 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði

Val di Fassa

Park Hotel & Club Caminetto

11. febrúar í 7 nætur ★★★☆☆

Frá kr. 216.550 á mann

verð m.v. 2 fullorðna saman í herbergi

Innifalið: Flug, Gisting, Hálft fæði

→ AÐRAR DAGSETNINGAR OG GISTIMÖGULEIKA FINNUR ÞÚ Á HEIMSFERDIR.IS

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Fáðu meira út úr fríinu

Inn og út um gluggann

Brosið breiða breyttist í tár á nokkuð skömmum tíma í endurkomu Cristiano Ronaldo hjá Manchester United. Þessi magnaði knattspyrnumaður hefur nú fengið ósk sína uppfyllta og hefur United rift samningi hans.

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Viðtal sem Ronaldo fór í hjá Piers Morgan á dögunum setti allt á annan endann. Allt það slæma sem Ronaldo sagði um United og hluti tengda félaginu varð til þess að einn dáðasti sonur félagsins var ekki lengur velkomin til æfinga.

Ronaldo kveður United 37 ára gamall með skottið á milli lappanna. ■

27. ágúst 2021

Manchester United tilkynnir að samkomulag hafi náðst við Juventus um að kaupa Cristiano Ronaldo til félagsins. Fjórum dögum síðar skrifar Ronaldo undir tveggja ára samning.

11. september 2021

Ronaldo snýr aftur á völlinn í rauðu treyjunni, heimaleikur gegn Newcastle og Ronaldo hleður í flugeldasýningu. Tvö mörk í fyrsta leik og stuðningsmenn United fara að leyfa sér að dreyma.

29. september 2021

Hann skrifar sig í sögubækur Meistaradeildar Evrópu þegar hann spilar sinn 178. leik í keppninni, enginn leikmaður hefur spilað fleiri leiki í Meistaradeildinni. Ronaldo skorar sigurmark gegn Villarreal undir lok leiksins.

21. nóvember 2021

Ronaldo heldur áfram að skora mikilvæg mörk í Meistaradeildinni en 5-0 tap gegn Liverpool og 2-0 tap gegn Manchester City setja pressu á Ole Gunnar Solskjær, þá stjóra liðsins. Eftir 4-1 tap gegn Watford er hann rekinn.

29. nóvember 2021

Ralf Rangnick er ráðinn sem tímabundinn stjóri United út tímabilið. Ljóst er af orðum Ronaldo undanfarna daga að hann hafði enga trú á þessum þýska þjálfara. Hann sagði Rangnick ekki vera þjálfara og enginn hafi skilið ráðninguna.

2. desember 2021

Ronaldo skorar tvö mörk í 3-2 sigri á Arsenal sem er síðasti leikur liðsins undir stjórn Michael Carrick sem stýrði United áður en Rangnick tók við. Þetta eru mörk númer 800 og 801 á ferli Ronaldo.

15. febrúar 2022

Ronaldo skorar í 2-0 sigri á Brighton en hann hafði þá farið í gegnum sína lengstu markaþurrð á ferlinum. Ronaldo hafði ekki skorað síðan 30. desember gegn Burnley, 588 mínútur án marks hjá Ronaldo.

12. mars 2022

Ronaldo skorar þrennu í 3-2 sigri á Tottenham og mörkin í heildina á ferlinum eru þá orðin 807 sem gerir hann að markahæsta leikmanni sögunnar, Josef Bican frá Tékklandi átti fyrra metið.

23. apríl 2022

Ronaldo skorar í tapleik gegn Arsenal á útivelli, tilfinningarnar eru miklar hjá Ronaldo sem hafði nokkrum dögum áður tilkynnt um það að unnusta hans hefði fætt andvana barn. Áttu þau von á tvíburum og stúlkan lifði af fæðinguna en drengurinn lést.

22. maí 2022



United endar tímabilið í sjötta sæti og Ronaldo spilar ekki í síðasta leik liðsins gegn Crystal Palace sem tapast. Ronaldo klárar tímabilið með 24 mörk en hann var aldrei hrifinn af leikstíl liðsins undir stjórn Rangnick.

11. júlí 2022

Endalausar sögusagnir um framtíð Ronaldo og að hann vilji fara. Erik Ten Hag er tekinn við sem stjóri United en hann segir að Ronaldo sé ekki til sölu. Sagan er í gangi allt sumarið en Ronaldo fer ekki fet.

31. júlí 2022

Eftir að hafa mætt seint til æfinga á undirbúningstímabilinu vegna veikinda hjá barni sínu snýr Ronaldo aftur í æfingaleik gegn Rayo Vallecano. Hann yfirgefur Old Trafford áður en leik lýkur ásamt liðsfélögum og fær skammir í hattinn frá Ten Hag.

2. október 2022

Ronaldo er ónotaður varamaður í 6-3 tapi gegn manchester City. United er 4-0 undir í hálfleik en Ronaldo kemur ekki við sögu. Ten Hag segir það gert af virðingu að láta Ronaldo ekki spila svona leik.

19. október 2022

Ronaldo neitar að koma inn á sem varamaður í leik gegn Tottenham. Hann labbar út af Old Trafford á meðan leikurinn er í gangi og er settur í þriggja daga bann frá félaginu.

13. nóvember 2022

Ronaldo spilar ekki gegn Fulham í ensku úrvalsdeildinni og eru veikindi sögð ástæðan. Þetta sama kvöld byrja að birtast klippur úr viðtalinu við Piers Morgan sem setja allt á hliðina.

16.-17. nóvember 2022

Viðtalið umdeilda við Morgan er spilað yfir tvo daga. Ronaldo drullar yfir allt og alla hjá United, hann segist ekki bera virðingu fyrir Ten Hag. Flestir sjá að endalok Ronaldo í treyju United nálgast og félagið segist vera að vinna í málinu.

22. nóvember 2022

Manchester United greinir frá því að samningi Ronaldo hafi verið rift með samþyki beggja aðila. Hann kveður sviðið á Old Trafford eftir að hafa kramið hjörtu stuðningsmanna félagsins.

Svartur föstudagur

20% afsláttur
af öllum vörum
fimmtudag, föstudag
og laugardag

Valdar vörur
á allt að
50% afslætti

Head Mojo
Skíðahjálmur barna. Tvær stærðir
~~9.995,-~~ 7.996,-

Head Contex
Vönduð og stílhrein skíðagleraugu
~~9.995,-~~ 7.996,-

Ulvang barnaullarföt
Stærðir 92-164
verð frá 3.596,-

Mammut Lithium 20
Frábær í styttri ferðir
~~20.995,-~~ 16.796,-

Vango Microlite 300
Svefnpoki -2°C - 15°C. 1.06kg
~~21.995,-~~ 17.596,-

Roces Paradise
Frábærir í jólapakkann
~~14.995,-~~ 11.996,-

Nortec ALP 2.0
Grófir hálkubroddar fyrir veturinn
~~9.595,-~~ 7.676,-

Mammut Sertig II Mid GTX
Léttir og góðir gönguskór
~~28.995,-~~ 23.196,-

FISCHER · RUDY PROJECT · STEVENS BIKES · KV+ · alpina · swix · Vango · HEAD · Everest

Skeifunni 6 | 108 Reykjavík | Sími: 533 4450 | everest.is | everest@everest.is | facebook.com/everestverslun



Breyting sem líklega er komin til að vera

Uppbótartíminn í fótbolta er líklega að taka breytingum til frambúðar. Á Heimsmeistaramótinu í Katar hefur það vakið mikla athygli hversu mikill uppbótartími er í flestum leikjum. Kristinn Jakobsson, fremsti dómarinn í sögu Íslands, segir að verið sé að svara ákalli þeirra sem taka þátt í leiknum.

hoddi@frettabladid.is

FÓTBOLTI Flestir leikir á Heimsmeistaramótinu það sem af er hafa farið yfir 100 mínútur. Ástæðan er breyttar áherslur dómara en líka breytingar sem orðið hafa á leiknum síðustu ár. Þannig hefur VAR-tæknin orðið til þess að oft hægist á leiknum og tíminn þar sem boltinn er raunverulega í leik hefur minnkað, fleiri skiptingar eru leyfðar en áður og taka þær tíma frá leiknum sjálfum. Þá eru það taktísk brögð þjálfara sem oft leggja upp með það að tefja leiki, leikmenn gera sér upp meiðsli og fleira í þeim dúr. Með breytingunum sem eru á mótinu í Katar er verið að svara því ákalli að boltinn sé meira í leik en verið hefur.

„Þetta er forsenda þess að koma í veg fyrir leiktafir og bæta upp þann tíma sem tapast út af skiptingum, meiðslum og öðru slíku. Það er líka verið að horfa til þess að hugsanlega yrðu leiktafir út af veðuraðstæðum, að það yrði hreinlega of heitt. Það er verið að svara kalli leikmanna, þjálfara og yfirmanna knattspyrnumála," segir Kristinn um þennan aukna leiktíma sem sést hefur.

Leiktíminn úr nokkrum leikjum á mótinu
- **Katar – Ekvador:** 100:18
- **England – Íran:** 117:16
- **Senegal – Holland:** 102:49
- **Bandaríkin – Wales:** 104:34

Uppbótartími úr nokkrum leikjum
- **England – Íran**
  Fyrri hálfleikur (13:59 mín.)
- **Argentína – Sádi-Arabía**
  Síðari hálfleikur (13:53 mín.)
- **England – Íran**
  Síðari hálfleikur (13:05 mín.)
- **Bandaríkin – Wales**
  Síðari hálfleikur(10:32 mín.)
- **Senegal – Holland**
  Síðari hálfleikur (10:03 mín.)

Taktískar tafir

Það er þekkt stærð í heimi fótboltans að lið leggja oft upp með það að tefja leik, hægja á öllu og leikmenn byrja að gera sér upp meiðsli sí og æ. Þessa listgrein hefur Atletico Madrid á Spáni svo sannarlega fullkomnað. Diego Simeone og lærisveinar hans eru þeir bestu í að hægja á leiknum með ráðum og dáð.

„Síðustu ár hefur þetta verið taktískt hjá mörgum liðum að hægja á leik og drepa niður hraða leiksins. Vinna sér inn tíma til að reyna að halda í úrslit. Það að þetta byrji nú á HM er stór liður í því að ýta þessu úr vör, þetta er stærsta sviðið til að sýna að þetta virki og þá í framhaldi fari þetta inn hjá UEFA og öðrum samböndum sem glíma við þetta í Meistaradeild og fleiri keppnum," segir Kristinn um breytinguna.

Almenn ánægja virðist ríkja með þessar nýju áherslur sem FIFA lagði fyrir dómara. Eru stórmót oft upphafið að breytingum í fótboltanum. „Miðað við þær forsendur sem við höfum eftir þessar mínútur sem búið er að spila, sýnist mér almenn ánægja vera með þetta. Menn komast ekki upp með taktískar leiktafir, í undanförnum leikjum er hamagangur undir lok leikja og þá viljum við eiga tímann inni sem tapast hefur vegna skiptinga og fleiri atriða.

Núna er búið að auka fjölda skiptinga og það er stórt atriði í þessu og

> Síðustu ár hefur þetta verið taktískt hjá mörgum liðum, að hægja á leik og drepa niður hraða leiksins.


Kristinn Jakobsson, fyrrverandi dómari

tíminn í VAR, það eru margir þættir sem spila inn í. Leiktíminn hefur verið að styttast og það er verið að vinna í þeim málum að koma til móts við það. Leikmenn, þjálfarar og forráðamenn hafa ekki haft þolinmæði í VAR, það getur tekið tíma en með þessu á það ekki að hafa áhrif á mínúturnar sem boltinn er í leik," segir Kristinn.

Krefjandi fyrir dómara

Dómarar eru einn mikilvægasti þáttur leiksins, þeir geta gert góðan leik enn betri en geta líka misst öll tök og haft veruleg áhrif á gæði leiksins. Kristinn segir það verulega krefjandi fyrir dómara að eiga við taktískar tafir sem lið hafa beitt.

„Fyrir dómara sem slíkt er það mjög krefjandi, að leikstýra því öllu saman. Annað liðið er ekki ánægt en hitt liðið reynir að brjóta það niður með leiktöfum og gera sér upp meiðsli. Með þessari tækni sem er í Katar eru fleiri augu. Það eru fleiri menn í VAR-settinu og á vellinum sem geta hjálpað dómaranum með atvik sem hann sér ekki. Það eru fleiri löggur á vellinum, eins og stundum er sagt," segir Kristinn um málið.

Kristinn segir að dómarar hafi hingað til á HM vart stigið feilspor og vonar að það haldi áfram. „7, 9, 13. Þá hefur ekki komið upp neitt stórt atvik sem hægt er að rekja til dómaranna. Það er af því að við höfum VAR og höfum það í sterkara mæli en áður hefur verið. Þetta eru góð hjálpardekk fyrir teymið," segir þessi reynslumikli dómari sem var að skera niður hágæða nautasteikur af sinni alkunnu snilld þegar hann ræddi við blaðamann. ■

Róbert með ælupest á stóru stundinni en lét sig hafa það

helgi@frettabladid

HANDBOLTI Róbert Aron Hostert, leikmaður Vals, gerði sér lítið fyrir og spilaði leik liðsins við Flensburg í Evrópudeildinni í handknattleik í fyrrakvöld með ælupest. Að spila gegn þýska stórveldinu var tækifæri sem Róbert gat ekki látið fram hjá sér fara og lét hann slag standa.

„Maður vill ekki missa af þessu. Ég gat ekki hugsað mér að vera heima svo ég tók bara dallinn með mér. Þetta er eitthvað sem maður mun ekki gleyma," segir Róbert í samtali við Fréttablaðið.

Það var kjaftfull höll að Hlíðarenda á þriðjudagskvöld, enda ekki á hverjum degi sem lið á borð við Flensburg kemur í heimsókn. Valur þurfti að sætta sig við 32–37 tap en stóð sig með sóma.

„Stemningin var til fyrirmyndar. Ég held að við höfum verið Val og íslenskum handbolta til sóma. Við erum samt keppnismenn og vorum pirraðir og svekktir að leikslokum, en menn verða að átta sig á því að við vorum ekkert að spila á móti hverjum sem er."

Leikmenn Vals spiluðu frábæran leik en hefðu getað gert enn betur að sögn Róberts.

„Ég held að við hefðum alveg getað gert betur, áttum alveg smá inni. Það var það sem við vorum svekktastir með eftir leik, varnarlega og á ýmsum köflum."

Þrátt fyrir tapið er Valur enn í fínum málum í riðli sínum í Evrópudeildinni. Liðið er í öðru sæti með fjögur stig eftir þrjá leiki, tveimur stigum á eftir Flensburg. Sex lið eru alls í riðlinum.

Róbert viðurkennir að það hafi sett strik í reikninginn í undirbúningi sínum fyrir leikinn að vera með ælupest.

Róbert Aron á flugi á Hlíðarenda á þriðjudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Þetta var ekki þessi týpíski undirbúningur. Þessi ælupest er að ganga og því miður velur maður ekki hvenær maður fær þetta. Ég var pirraður yfir því að fá þetta núna en svona er þetta bara."

Þá hafði pestin einhver áhrif á frammistöðu hans einnig, að sögn Róberts.

„Ég var kannski svolítið ólíkur sjálfum mér, eðlilega. Ég var svolítið orkulaus og hélt engu niðri. En ég sagði auðvitað bara að ég væri klár. Ég fékk bara dallinn á hliðarlínuna með mér."

> Ég gat ekki hugsað mér að vera heima svo ég tók dallinn bara með mér.

Róbert sér þó ekki eftir ákvörðun sinni, enda upplifunin einstök.

„Maður hefði alveg verið til í að vera ekki með ælupest í þessum leik, það verður að viðurkennast," segir veikur en léttur Róbert Aron Hostert að lokum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FIMMTUDAGUR 24. nóvember 2022

Það er gott að vera meðvitaður um nauðsyn fyrir D-vítamín.

D-vítamín hefur áhrif á Covid

elin@frettabladid.is

Magn D-vítamíns í líkamanum hefur mikið að segja um hversu alvarlega líkaminn bregst við Covid. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn á vegum Statens Serum Institut í Kaupmannahöfn og Harvard-háskóla. Þeir sem höfðu lítið magn af D-vítamíni fengu mun verri einkenni en þeir sem höfðu nægilegt magn af vítamíninu, að því er Politiken greinir frá.

Tvöfalt meiri hætta var á alvarlegum veikindum hjá þeim sem þjást af D-vítamínskorti en hinum sem höfðu nægt magn. Anders Hviid, einn rannsakenda, segir að ekki ætti að taka stóra skammta af D-vítamíni vegna þessarar niðurstöðu. „Við þurfum ákjósanlegt magn D-vítamíns eins og danska heilbrigðiseftirlitið mælir með, hvorki meira né minna," segir hann.

Skortur hjá mörgum

Mælt er með því í Danmörku að börn eldri en fjögurra ára og þeir sem eldri eru taki daglega 5-10 míkrógrömm af D-vítamíni yfir vetrarmánuðina, frá október til apríl.

Rannsóknin var byggð á blóðsýnum frá danska blóðbankanum og eftirlitsgögnum vegna Covid auk gagna úr sjúklingaskrá. Í rannsókninni var gerður greinarmunur á mismunandi miklum veikindum. Fólki sem varð veikt en þurfti ekki sjúkrahúsinnlögn, þeim sem voru lagðir inn, voru lagðir inn á gjörgæslu og síðan þeim sem létust af sjúkdómnum. ■

Hildur Þórðardóttir er verslunarstjóri hjá Rúmföt.is þar sem hillurnar svigna undan gullfallegum rúmfatnaði, hágæðasængum og koddum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Bara það flottasta sem til er

Þegar jólin nálgast fara margir að huga að jólagjöfum fyrir sína nánustu. Hildur Þórðardóttir, verslunarstjóri Rúmföt.is, segir engan þurfa að fara í jólaköttinn því þar fáist frábær rúmföt frá flottustu vefurum Ítalíu og Þýskalands, og geggjaðar lúxus-sængur og koddar. 2

„Við seljum þýskar gæsadúnsængur frá OBB sem er einn elsti og virtasti sængurframleiðandi Þýskalands. Þegar kemur að dúnsængum eru Þjóðverjar gríðarlega kröfuharðir og vilja aðeins það besta. Það eru mörg fyrirtæki að berjast um hylli kaupenda á þýska markaðnum og gæðakröfurnar eru mjög miklar," segir Hildur innan um ómótstæðilegar dúnsængur frá OBB.

„Aðrar búðir hér á Íslandi eru líka að selja þýskar sængur en þær passa sig bara á því að kaupa inn ódýrustu sængurnar þótt þær selji þær samt eins og um alvöru lúxusvöru sé að ræða. Það gerum við ekki. Við pöntum bara það flottasta sem til er. Sængur með 100 prósent gæsadúni af hvítum kanadagæsum og ytra byrði úr 460 þráða microsatíni með aloe vera-áferð sem gerir sængurnar enn þá mýkri og æðislegri," greinir Hildur frá.

Handgerðar lúxus-sængur

Í sumar fóru Hildur og Björn Þór Heiðdal, eigandi Rúmföt.is, í heimsókn til OBB í Þýskalandi.

„Þar fengum við að skoða alla verksmiðjuna og sjá hvernig sængurnar sem við seljum eru búnar til. Verksmiðjan var endurbyggð frá grunni eftir seinni heimsstyrjöldina og er gamli hlutinn allur frá þeim tíma. Samkvæmt sölustjóranum eru öll tækin líka jafn gömul en gera nákvæmlega sama gagn og ný tæki og eru betri í sumum tilvikum," segir Björn og heldur áfram:

„Sum tækin þarna í gamla hlutanum, sem flokka dúninn eða blanda honum saman eftir kúnstarinnar reglum, eru á stærð við lítil sumarhús. Í nýja hlutanum, sem er töluvert stærri, eru reyndar splunkunýjar græjur sem gera framleiðsluna sjálfvirkari en þar fer fram stærsti hluti framleiðslunnar. Í okkar tilviki, þegar við pöntum fáar sængur úr Black Forest-línunni, eru þær allar handgerðar frá a til ö í gamla hlutanum. Við erum því að bjóða Íslendingum upp á alvöru handgerðar lúxus-sængur upp á gamla mátann."

Himneskir koddar

Rúmföt.is selur einnig guðdómlega kodda sem fleyta hverjum og einum mjúklega inn í draumalandið.

„Við látum sérframleiða fyrir okkur alveg frábæra hágæða kodda í annarri verksmiðju. Þeir innihalda 100 prósent gæsadún og fíngerðar smáfjaðrir til að gefa réttan stuðning við háls og höfuð og eru þriggja laga. Smáfjaðrir eru í kjarnanum og síðan gæsadúnn næst höfðinu," útskýrir Björn og bætir við:

„Fólk hefur verið duglegt að hrósa okkur fyrir þessa kodda sem okkur finnst alltaf gaman."

Ítalskir vefarar þeir flottustu

Björn segir hægt að kaupa rúmföt frá milljón framleiðendum en að enginn vefi jafn flott rúmföt og bestu vefarar Ítalíu.

„Það hef ég látið reyna á síðan ég byrjaði að flytja inn rúmföt fyrir fimmtán árum. Það er ekki bara það að bómullin sé í mjög háum gæðaflokki heldur getur maður valið munstrið sjálfur, hversu marga þræði maður vill og í hvaða lit. Ítölsku vefararnir gera allt fyrir mann og vefa þetta í litlu magni sem er ekki í boði annars staðar, til dæmis í Asíu. Ef maður vill kaupa 500 metra af svo dýru damaski frá Kína, þá er svarið alltaf það sama: Þú verður að kaupa 5.000 metra." Þegar þau Björn og Hildur voru búin að heimsækja OBB og rúmfataframleiðandann Curt Bauer í Þýskalandi var brunað til Ítalíu á 200 kílómetra hraða, sem þykir víst ekki mikið á þýsku hraðbrautunum.

„Við vörðum síðan heilum degi í að velja munstur og liti fyrir vetrarlínuna okkar sem er væntanleg mjög fljótlega," segir Björn.

Þakklát fyrir viðtökurnar

Björn og Hildur eru þakklát fyrir viðtökurnar sem farið hafa fram úr björtustu vonum síðan búðin var opnuð.

„Það er ekki nóg að selja vandaða vöru á sanngjörnu verði. Þjónustan skiptir líka máli og að hafa gott viðmót. Mér leiðist alveg óskaplega að fara í búðir þar sem starfsfólkið nennir ekki að sinna manni. Einu sinni fór ég í bílaumboð og starfsmaðurinn faldi sig á bak við gardínu svo hann þyrfti ekki að afgreiða viðskiptavini. Það er ekkert svoleiðis hjá okkur. Við erum ekki einu sinni með gardínur," segir Björn glettinn.

Jólagjafir fyrir þá sem eiga allt

Hágæða rúmföt eru fullkomin jólagjöf handa þeim sem eiga allt.

„Það er nefnilega mjög lítið úrval af hágæða rúmfötum til á Íslandi. Við í Rúmföt.is höfum breytt því og fólk getur keypt hina fullkomnu jólagjöf hjá okkur. Síðan er lítið mál að skipta eða gefa gjafakort. Við seljum einnig guðdómleg silkikoddaver, sloppa, franskar diskaþurrkur og svuntur, svo fátt eitt sé nefnt," segir Hildur, komin í jólaskap. ■

Rúmföt.is er á Nýbýlavegi 28 í Kópavogi. Sími 565 1025. Opið alla virka daga frá klukkan 12 til 17.30 og á laugardögum frá klukkan 11 til 15. Skoðið úrvalið á rumfot.is.

Stálgrá, röndótt rúmföt frá þýska gæðamerkinu Curt Bauer hitta í mark í jólapakkann. Munstrið er sígilt og rúmfötin vönduð og ákaflega góð viðkomu.

Ómótstæðilegur rúmfatnaður með áprentuðu blómamynstri og úr 300 þráða bómullarsatíni sem heldur sér vel eftir marga þvotta og hnökrar ekki.

> **Það er ekki nóg að selja vandaða vöru á sanngjörnu verði. Þjónustan skiptir líka máli og að hafa gott viðmót.**
>
> Björn Þór Heiðdal

Rúmfatnaður með sérofnu munstri úr ítölsku damaski.

Hér má sjá stórkostlega vél hjá þýsku sængurgerðinni OBB sem framleiðir lúxus-sængur upp á gamla mátann.

Mildir, ljúfir litir og falleg munstur tryggja ljúfan svefn.

Gyllt bómullarsatín, undurfagurt og silkimjúkt á rúmin.

Hjá Rúmföt.is fást dásamlega falleg og sérsaumuð barnasængurverasett í miklu úrvali fyrir hátíðarnar.

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Guðmundur Hilmarsson,** gummih@frettabladid.is s. 550 5766 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Starri Freyr Jónsson** starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn:
Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652,
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654,
Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

SANDGAARD New York síður aðhaldsb.
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-56 Verð áður 4.980 kr
Tilboðsverð 4.233 kr

SANDGAARD Amsterdam hlýrabolur
Fæst í mörgum litum
Stærðir 36-54 Verð áður 3.980 kr
Tilboðsverð 3.383 kr

SANDGAARD Luxembourg undirkjóll
Fæst líka í hvítu
Stærðir 38-54 Verð áður 4.980 kr
Tilboðsverð 4.233 kr

SANDGAARD Stockholm síð skyrta
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54 Verð áður 12.980 kr
Tilboðsverð 11.033 kr

SANDGAARD Helsinki hneppt golla
Fæst í fleiri litum
Stærðir 36-54 Verð áður 10.980 kr
Tilboðsverð 9.333 kr

Svartir tilboðsdagar

15% afsláttur af öllum gallabuxum frá YEST og YESTA
15% afsláttur af öllum vörum frá SANDGAARD
20% afsláttur af öllum vörum frá ZE-ZE
20% afsláttur af öllum vörum frá ZHENZI
20% afsláttur af öllum töskum



ZHENZI Neola blúndublússa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 42-56 Verð áður 8.990 kr
Tilboðsverð 7.192 kr

ZHENZI Megane shiffon tunika
Stærðir 42-56
Verð áður 10.990 kr
Tilboðsverð 8.792 kr

ZE ZE Juvel tunika
Fæst líka í grænu
Stærðir 38-48 Verð áður 11.990 kr
Tilboðsverð 9.592 kr

ZE ZE Agis kjóll
Stærðir 38-48
Verð áður 11.990 kr
Tilboðsverð 9.592 kr

ZE ZE Atla kjóll
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48 Verð áður 9.990 kr
Tilboðsverð 7.992 kr

ZE ZE Nobe rennd hettupeysa
Fæst líka í svörtu
Stærðir 38-48 Verð áður 11.990 kr
Tilboðsverð 9.592 kr

YEST/YESTA útvíðar gallabuxur
Stærðir 36-52
Verð áður 15.980 kr
Tilboðsverð 13.583 kr

YEST/YESTA gallabuxur með teygju
Fást í fleiri litum
Stærðir 36-60 Verð áður 10.980 kr
Tilboðsverð 9.333 kr

YEST/YESTA gallabuxur
Stærðir 36-52
Verð áður 11.980 kr
Tilboðsverð 10.183 kr

HOLLOW hliðarveski
Verð áður 5.990 kr
Tilboðsverð 4.792

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Litríkar stjörnur í Los Angeles

American Music Awards tónlistarhátíðin fór fram um síðustu helgi. Klæðnaður stjarnanna vakti athygli eins og venjulega.

starri@frettabladid.is

American Music Awards-tónlistarhátíðin fór fram í Los Angeles í Bandaríkjunum síðasta sunnudag þar sem flestar af helstu stjörnum bransans mættu til að sýna sig og sjá aðra.

Eins og venjulega vakti klæðnaður stjarnanna mikla athygli og er óhætt að segja að sumar þeirra hafi vakið meiri athygli en aðrar.

Við skulum því líta aðeins á brot af því besta. ■

Söngkonan og fatahönnuðurinn Dencia hefur skemmtilegan stíl.

Ítalska rokkbandið Måneskin var tilnefnt sem nýliði ársins á hátíðinni.

Machine Gun Kelly klæddist mjög óhefðbundnum jakkafötum.

Pink klæddist þessum fallega svartgyllta kjól á hátíðinni.

Latto klæddist flík frá Dilara Findikoglu.

Stórstjarnan Taylor Swift klæddist þessum gyllta samfestingi frá The Blonds.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

SVÖRTUDAGAR

15%

Afsláttur af
öllum
yfirhöfnum

Tískan
&
comma,

ÁRMÚLI 5 | 551-0300

Fatnaður Díönu prinsessu aftur í sviðsljósinu

Díana prinsessa var mikil tískufyrirmynd á 9. og 10. áratug síðustu aldar. Fötin hennar Díönu leika því stórt hlutverk í nýjustu þáttaröðinni af Crown sem frumsýnd var á dögunum.

sandragudrun@frettabladid.is

Fimmta þáttaröðin af hinum sívinsælu þáttum um bresku konungsfjölskylduna fóru í loftið á Netflix þann 9. nóvember. Það er ástralska leikkonan Elizabeth Debicki sem fer með hlutverk prinsessunnar í nýju þáttaröðinni, sem gerist á 10. áratugnum. Elizabeth tekur við hlutverkinu af Emmu Corrin sem lék yngri Díönu í fjórðu þáttaröðinni. Í viðtali við The Guardian segist Elizabeth ekki hafa hikað við að taka hlutverkið að sér þrátt fyrir að 5. þáttaröðin gerist á erfiðum tíma í lífi prinsessunnar og konungsfjölskyldunnar og því hætta á mikilli gagnrýni á þáttaröðina, eins og hefur reyndar þegar komið fram.

Elizabeth segist hafa einbeitt sér að því að túlka prinsessuna á sannfærandi hátt og segir að handritshöfundur þáttanna og starfslið þeirra hafi hvatt hana mikið.

Ekkert til sparað

Netflix framleiðir þættina og hefur ekkert til sparað við að endurskapa tísku konungsfjölskyldunnar á þeim áratugum sem þættirnir spanna. Allt frá því að endurskapa minnstu smáatriði kjólsins sem Elísabet Englandsdrottning notaði í krýningarathöfn sinni, en leikkonan Claire Foy bar hann eftirminnilega í fyrstu þáttaröðinni, yfir í að endurgera alveg ógleymanlegan brúðarkjól Díönu prinsessu frá árinu 1981. Kjólinn má sjá í þriðja þætti í fjórðu þáttaröð, en að vísu bara aftan frá. Til að sjá kjólinn í heild sinni verður að fara á Instagram-síðu þáttanna.

Fimmta þáttaröðin er engin undantekning frá fyrri þáttaröðum hvað varðar að endurskapa

Elizabeth Debicki sem fer með hlutverk Díönu mætir á frumsýningu fimmtu þáttaraðar The Crown fyrr í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hefndarkjóllinn frægi var endurskapaður í næstum nákvæmri eftirmynd. MYND/INSTAGRAM

Díana prinsessa var oft í pastellituðum drögtum á 10. áratugnum. Til hægri er Elizabeth í svipaðri dragt og Díana ,til vinstri, átti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Búningahönnuðir The Crown hafa lagt mikla vinnu í að endurskapa föt Díönu prinsessu.

tískuna. Að þessu sinni er fatnaður Díönu prinsessu áberandi en hún var þekkt fyrir að vera alltaf vel til fara, sama hvert tilefnið var. Ef marka má helstu tískutímaritin hefur búningahönnuðum þáttanna tekist einstaklega vel til við að endurskapa útlit Díönu á 10. áratugnum og skapa nostalgíska mynd af þessu tímabili sem svo mörg muna vel eftir.

Hefndarkjóllinn endurgerður

Á 10. áratugnum viku pallíettur og glamúr 9. áratugarins fyrir einfaldari stíl og ávalar línur urðu algengari. Díana prinsessa sást oft á þessum tíma klædd fáguðum drögtum, rúllukragabolum og sérsniðnum jökkum. Hún sást í öllum litum, allt frá björtum pastellitum til hins fræga svarta „hefndarkjóls“.

Búningahönnuðir The Crown hafa greinilega unnið heimavinnuna sína en í þáttunum sést Elizabeth Debicki í hlutverki Díönu prinsessu klæðast ljósfjólublárri dragt þegar hún hittir Dodi Fayed í fyrsta sinn á pólóleik. Einnig sést hún í næstum nákvæmri eftirlíkingu af hefndarkjólnum fræga.

Hefndarkjóllinn er svartur kjóll sem Díana klæddist í veislu á vegum Vanity Fair í London í nóvember árið 1994. Sagan segir að hún hafi frétt af því að Karl hefði veitt viðtal þar sem hann staðfesti framhjáhald sitt með Camillu. Sama kvöld og Karl staðfesti framhjáhaldið í sjónvarpsþætti, sem stór hluti bresku þjóðarinnar sat límdur við, ákvað Díana að gefa út sína eigin yfirlýsingu. Hún

Elizabeth Debicki í látlausum fötum íkt og Díana sást oft í á 10. áratugnum. MYND/INSTAGRAM

klæddist kjólnum, sem var svartur kvöldkjóll hannaður af Christinu Stambolian, en upphaflega hafði hún hugsað sér að vera í allt öðrum kjól í áðurnefndri veislu, ef marka má sögusagnir. Díana lét kjólinn tala sínu máli. Daginn eftir veisluna birtust myndir af Díönu í fjölmiðlum, stórglæsilegri í þessum svarta kjól, sem ekki þótti í anda konungsfjölskyldunnar, með fyrirsögnum eins og „Díana sýndi Karli hvað hann er að fara á mis við.“ Þannig festist nafnið hefndarkjóll við kjólinn.

Til að endurskapa hefndarkjólinn fyrir The Crown fékk búningateymi þáttanna leyfi frá Christinu Stambolian. Kjóllinn var næstum endurgerður nákvæmlega eftir upprunalegu útgáfunni en það þurfi að gera örlitlar breytingar til að hann hentaði vaxtarlagi leikkonunnar.

Einnig má sjá margar aðrar eftirlíkingar af klæðnaði Díönu prinsessu frá 10. áratugnum í þáttunum, eins og fallegan blómakjól sem hún var í þegar hún var í fríi með Karli og sonum þeirra á Ítalíu og afslappaðan hversdagsklæðnað sem vakti þó alltaf athygli þegar Díana átti í hlut. ■

BLACK FRIDAY!
ALLT AÐ 70%
afsláttur af völdum vörum
í verslun og í vefverslun!
FRÍ
HEIMSENDING
ÞEGAR VERSLAÐ ER FYRIR
7.000,- EÐA MEIRA Í
VEFVERSLUN!
BLACK FRIDAY
Dagana 24-28.nóv
KRINGLAN - WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS
ZIKZAK
TÍSKUHÚS


Siffon blússa
2.990,-
Áður 5.990,-
S-XXXL
-50%

Skyrta
3.995,-
Áður 7.990,-
st. S-XXXL
-50%

Blússa
2.990,-
Áður 7.990,-
-62%

Bolur
1.990,-
-71%

Kjóll
-25%


Bolur
1.990,-
Áður 5.990,-
XS-XXXL
-66%

Túnika
3.995,-
Áður 7.990,-
st. S-XXXL
-50%

Kjóll
-50%


Kjóll
-25%

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nýr 2022 Peugeot Boxer PRO L3H2 140 hö. Nú fer að koma sá tími þar sem gott er að setja kostnað á fyrirtækið fyrir áramót. Ekki vera of seinn því það er allt að seljast upp og lítið um sendibíla. Verð kr. 5.790.000,- án vsk.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Þjónusta

Málarar

MÁLARAR.
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF
Getum bætt við okkur verkefnum. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

vatnsvorn.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-17

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til bygginga

NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN
slétt beggja megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbygginga. Sjá nánar á vidur.is Vatnsklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrúfur, Penofin og Armstrong Clark harðviðarolíur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Heilsa

Heilsuvörur

Nudd

HEILSUNUDD
Bið uppá heilsunudd, slökun og almenna snyrtingu, er í 103 RVK. Uppl. í s. 896 0082

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is geiri www.geiriehf.is

TECNODOM spa refrigerazione

Til á lager

Ryðfrí stál vinnuborð fyrir atvinnueldhús

Ítölsk gæðaframleiðsla
- Ryðfrýtt burstað stál
- Hillur að neðan
- Stillanlegir fætur

100x70x85
Einnig 120 - 140

120 x70
St. 100 x70 x H85

Stærð:
160 x 70 x H: 95

100x70x85
Einnig 120 - 140 - 160

Stærð:
140 70 H: 85

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is geiri STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Draghálsi 4
110 Reykjavík
sími: 535 1300
verslun@verslun.is

5780 #

Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu

- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

gott cbd.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

*Gildir frá verðlistaverði frá miðvikud. 23. - laugard. 26.nóv.
Opið virka daga frá 08:00-18:00 /Föstud. 8:00-17:00 / Laugardaga 10:00-14:00

ÁLFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Merkisatburðir

955 Játvígur sanngjarni verður Englandskonungur.
1407 Lúðvík af Orléans er myrtur, sem hrindir af stað stríði milli Orléans og Búrgunda.
1582 William Shakespeare giftist Anne Hathaway í Stratfordupon-Avon.
1951 Þátturinn Óskalög sjúklinga hefur göngu sína í Ríkisútvarpinu. Stjórnandi er Björn R. Einarsson. Þessi þáttur var á dagskrá vikulega þar til í október 1987.
1965 Jóhann Löve lögreglumaður finnst suður af Skjaldbreið eftir mjög víðtæka leit. Hann hafði verið á rjúpnaveiðum en villst í vonskuveðri. Í Öldinni okkar segir að útivist Jóhanns hafi verið allt að 70 klukkustundir og flestir hafi talið hann af.
1972 Suðurlandsvegur milli Reykjavíkur og Selfoss er formlega tekinn í notkun. Hann hafði verið endurbyggður og lagður bundnu slitlagi á sex árum.
1995 Stöð 3 hefur útsendingar. Hún sameinast Stöð 2 tveimur árum síðar.

†

Ástkær móðursystir okkar, fóstursystir og frænka,

Stella Guðvinsdóttir

sjúkraliði,
áður til heimilis að Hásæti 3b á Sauðárkróki,

sem lést 15. nóvember sl. á Dvalarheimilinu á Sauðárkróki, verður jarðsungin frá Sauðárkrókskirkju mánudaginn 28. nóvember kl. 14. Streymt verður á Youtube-rás Sauðárkrókskirkju. Þeim sem vildu minnast Stellu er bent á Minningarsjóð Sigurlaugar Gunnarsdóttur frá Ási.

Óskar G. Björnsson **Erla Kjartansdóttir**
Guðni Ragnar Björnsson **Anna Marie Stefánsdóttir**
Lovísa Birna Björnsdóttir **Vigfús Vigfússon**
Björn Jóhann Björnsson **Edda Traustadóttir**
Hólmfríður Pálsdóttir
Hólmar Bragi Pálsson **Kristín Kalmansdóttir**
og fjölskyldur

†

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs vinar,

Péturs Fells Guðlaugssonar

Ástjörn 7,
Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Lyflækningadeildar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir góða umönnun og hlýju.

Kristmunda Sigurðardóttir

†

Elskulegur faðir minn, afi, bróðir og mágur,

Gylfi Þorkelsson

Steinaseli 7,

lést sunnudaginn 13. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir eru til starfsfólks deildar 11 G á Landspítalanum við Hringbraut fyrir góða umönnun.

Ásta Heiðrún Gylfadóttir
Emma Sigríður Sverrisdóttir
Gylfi Sverrisson
Sigurgeir Þorkelsson **Freygerður Pálmadóttir**
Ingimar Þorkelsson **Jóhanna Pétursdóttir**

†

Guðfinna Steinunn Bjarney Sigurðardóttir

lést 12. nóvember 2022. Útför verður frá Árbæjarkirkju í Reykjavík, föstudaginn 25. nóvember, kl. 13. Bænastund og moldun í Bjarnaneskirkju í Nesjum laugardaginn 26. nóvember, kl. 11.

Þorleifur Jónsson **Halldóra Andrésdóttir**
Ómar Arnarson
Guðbjörg Ósk Jónsdóttir
Anna Lilja Jónsdóttir **Brynjólfur Garðarsson**
Þorbergur Hjalti Jónsson **Helga Skúladóttir**
og fjölskyldur

Halldóra Mogensen segist stolt af verkum Pírata í tíu ára sögu fólksins, enda margt áunnist. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Píratar fagna tíu árunum

Tíu ár eru liðin frá formlegum stofnfundi Pírata og fagna þeir tímamótunum með málþingi og balli.

arnartomas@frettabladid.is

Píratar fagna tíu ára afmæli sínu í dag en formlegur stofnfundur þeirra fór fram 24. nóvember 2012. Þar voru samþykkt drög að lögum flokksins og ákveðið að nafn hans skyldi vera Píratar. Halldóra Mogensen þingflokksformaður segir góða stemningu fyrir tímamótunum.

„Stemningin er bara mjög góð," segir hún. „Við erum nú orðin rótgróinn flokkur og það er auðvitað mjög spennandi áfangi." Flokkurinn sótti innblástur til sænsku Píratahreyfingarinnar sem stofnuð var 2006 og segir Halldóra að þegar Píratar á Íslandi voru stofnaðir hafi grunnhugsunin verið lýðræðið.

„Píratar voru stofnaðir til þess að innleiða virkt lýðræði á Íslandi. Grunnstefna flokksins hvílir á lýðræði og það hefur haft áhrif á öll okkar vinnubrögð frá upphafi," útskýrir hún. „Þetta snýr líka að tækniþróun í samfélaginu og hvaða breytingar hún hefur í för með sér. Hvernig við getum tryggt lýðræði, ekki bara í samfélaginu heldur líka í stafrænu umhverfi."

Lýðræði og stafræn þróun

Þegar litið er um öxl telur Halldóra að flokkurinn hafi haldið sig við þá grunnstefnu sem lagt var upp með í upphafi. „Grunnstefnan litar allt okkar starf. Leiðarstefið er gagnsæi, ábyrgð, gagnrýnin hugsun og upplýstar ákvarðanir. Þetta er grunnurinn sem við byggjum á," segir hún.

> Leiðarstefið er gagnsæi, ábyrgð, gagnrýnin hugsun og upplýstar ákvarðanir.

„Það sem við höfum náð að gera umfram margar aðrar Píratahreyfingar er að við höfum náð að taka þessa upphafleg áherslu Pírata á hvernig við getum tryggt borgararéttindi og lýðræði í hinum stafræna heimi og yfirfæra hana á samfélagið allt."

Gagnsæi og jaðarmál

Á tíu árum flokksins segist Halldóra stolt af mörgu sem hann hefur áorkað. „Það er svo margt, en það má kannski benda sérstaklega á hvernig þær áherslur sem við leggjum á alvöru aðhald gegn valdi og gagnsæi hafa leitt til viðhorfsbreytingar, bæði í stjórnmálum og í samfélaginu öllu. Í dag er það sjálfsögð krafa," segir hún.

„Svo er það áherslan á aðkomu fólks að ákvörðunartöku um málefni sem það varðar, ég finn að þessi nálgun hefur skipt sköpum í starfi okkar á þingi. Samráðið, sem er hluti af erfðamengi Pírata, virðist vera eftiráhugsun hjá mörgum öðrum flokkum, því miður."

Þá finnst Halldóru Pírata einnig hafa komið ýmsum jaðarmálum inn í umræðuna. „Til dæmis borgaralaununum, sem enginn vissi hvað var á sínum tíma áður en Píratar fóru að tala um það. Afglæpavæðing neysluskammta er annað málefni en með umræðu Pírata hefur stuðningur almennings við málið nánast tvöfaldast á stuttum tíma."

Málþing og djamm

Afmælisdagskrá flokksins hófst fyrr í vikunni en nær hámarki um helgina með málþingi og afmælisballi. „Yfirskrift málþingsins er „Gagnsæi gegn spillingu og aðhald með valdi" sem ég myndi segja að sé þungamiðjan í okkar starfi," segir Halldóra.

„Um kvöldið ætlum við svo að djamma saman, og það er öllum boðið, ekki bara Pírötum, að koma og fagna með okkur."

Málþingið fer fram á Kjarvalsstöðum klukkan 12 á morgun og afmælisballið fer af stað klukkan 20 á neðri hæð Kex hostels. ■

Sjötugir Hafnfirðingar heiðraðir

arnartomas@frettabladid.is

Á undanförnum árum hefur sú hefð fest rætur í Hafnarfirði að bæjarstjóri býður þeim Hafnfirðingum sem urðu sjötugir á árinu til veislu í Hásölum. Veislan í ár fór fram í byrjun nóvember og mættu um hundrað Hafnfirðingar fæddir 1952 í sínu fínasta pússi í Hásali til að fagna saman. Þetta var sjötta stórafmælisveislan sem haldin er fyrir alla sjötuga Hafnfirðinga.

Í veislunni fór fram kynning á fjölbreyttri þjónustu bæjarins fyrir afmælisbörnunum sem og starfsemi Félags eldri borgara í Hafnarfirði. Hópurinn fékk einnig að hlýða á tónleika undir stjórn Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og kynningu á Qigong.

Þá fengu gestir einnig að hlýða á brot af því sem gerðist bæði innanlands og erlendis á fæðingarárinu 1952. Má þar nefna að landhelgi Íslands var færð út í fjórar sjómílur, að Sveinn Björnsson varð fyrsti forseti lýðveldisins og að bandarískir vísindamenn lögðu fram kenninguna um Stórahvell. ■

Um 100 prúðbúnir og hressir Hafnfirðingar mættu til veislu. MYND/AÐSEND

SVARTUR SAUÐUR

25% af öllu fyrir vini Icewear

Fimmtudag – Mánudags

Í verslunum og vefverslun Icewear

ICEWEAR
ICELAND

icewear.is

BAUHAUS®

BAUHAUS® Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 24. nóvember til og með sunnudeginum 4. desember

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Hjá BAUHAUS færðu kerru lánaða án endurgjalds

Black days

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STURTUSETTUM OG HANDLAUGARTÆKJUM FRÁ DAMIXA

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

damixa™

Black days

20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM STURTUSETTUM OG HANDLAUGARTÆKJUM FRÁ GROHE

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

GROHE

Black days

60%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RENNIHURÐUM FRÁ CAMARGUE

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Innifalið í verði eru rennihurðir. Hliðar, bakhlið og aukahlutir í skápinn, s.s. hillur, fylgja ekki með.

Rennihurðir System 7500

3 rennihurðir úr svörtu gleri. Breidd 300 cm og hæð 240 cm.

RENNIHURÐIR SYSTEM 7500
291.042.-
~~485.070.-~~

AFHENDINGARTÍMI:
3-4 VIKUR

Hannaðu þinn eigin skáp
með rennihurðum

Black days

30%

AFSLÁTTUR AF CAMARGUE SKÄRGÅRD BAÐINNRÉTTINGUM OG STURTUÞILJUM

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Hægt er að nálgast vörulista í verslun eða á bauhaus.is/bladid

Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 24. nóvember til og með sunnudeginum 4. desember

BAUHAUS

BAUHAUS®

Easyline

Kerra

119.995.-

~~152.995.-~~

ES203S UB 750 kg. Lítil og hentug kerra frá Easyline. Með V lagaðri öryggisstöng, stálfelgum og góðum dekkjum. Auðvelt að festa yfirbreiðslu á kerruna. Hámarksburðarþol 625 kg. Heildarþyngd 750 kg. 13" dekk. Nefhjól fylgir ekki.

BAHCO

Topplyklasett

11.995.-

~~25.995.-~~

1/2" króm vanadium topplyklasett með 24 hlutum. Toppar frá 10-32 mm, framlenging, hjöruliðskaft, t-lykill, ledhandtag og skralllykill.

REGALUX®

XL hillueining

11.995.-

~~25.495.-~~

5 spónaplötuhillur með hámarksburðarþol u.þ.b. 290 kg á hverja hillu við jafna álagsdreifingu.

BAUHAUS® Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 24. nóvember til og með sunnudeginum 4. desember

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800

BAUHAUS
VIÐ JÖFNUM VERÐIÐ
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS

Nú getur þú hringt og pantað vörurnar sem þig vantar í BAUHAUS
Sími: 515-0800

NAPOLEON
Gasgrill TravelQ Pro285X
2 brennarar, 4,1 kW. Grillflötur: 54 x 37 cm. Grillgrind úr steypujárni. Innbyggður hitamælir. Fest á stöðugan vagn sem hægt er að brjóta saman.

64.995.-
~~79.995.-~~

AL-KO
Bensínsnjóblásari
- Snowline 560 E
- 182 cc. mótor
- Vinnubreidd 56 cm
- Kastlengd 15 metrar
- Þyngd: 80 kg

119.995.-
~~199.995.-~~

GARDENA
Slöngukefli
Festist á vegg með tilheyrandi fylgihlutum. Stærð: 25 m (L) Þv. slöngu 13 mm (1/2"). Sjálfvirk upprúllun á slöngu. Vatnshöfuð og festingar fylgja með. Hvítt.

22.995.-
~~26.995.-~~

59.995.-
~~79.995.-~~

Geneva 570 G gasgrill
2 brennarar. 9,7 kW. Grillsvæði: þv.45 cm. Snúanleg postulínsmáluð trekt. Lok með innbyggðum hitamæli. Með hliðarborðum sem hægt er að fella niður.

Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 24. nóvember til og með sunnudeginum 4. desember

BAUHAUS

BAUHAUS®

Eitt mesta úrval landsins af
jólaljósum og jólavörum!

Black days

Black days

30%

**AFSLÁTTUR
AF ÖLLU JÓLASKRAUTI
OG JÓLALJÓSUM**

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

BAUHAUS

Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 24. nóvember til og með sunnudeginum 4. desember

MÁNUDAGA–FÖSTUDAGA KL. 8:00–19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00–18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00–18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800

JÓLABLAÐ BAUHAUS
Skoðaðu nýja glæsilega jólablaðið okkar, sem er fullt af hugmyndum og spennandi vörum. Þú finnur blaðið í póstkassanum þínum, hjá okkur í BAUHAUS eða á heimasíðu okkar, www.bauhaus.is

Pinotex Sadolin

Black days

25%

AFSLÁTTUR AF ALLRI MÁLNINGU OG VIÐARVÖRN FRÁ SADOLIN OG PINOTEX

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

Black days

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARDÍNUM FRÁ DEBEL

MIÐAÐ VIÐ ALMENNT VERÐ

DEBEL

Tilboðin gilda frá fimmtudeginum 24. nóvember til og með sunnudeginum 4. desember

BAUHAUS

Dagskrá

Hringbraut

18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
19.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Sigmundur Ernir ræðir við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.
19.30 Suðurnesja-magasín Vikurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
20.00 Græn framtíð Umræðuþáttur um áskoranir og tækifæri fyrirtækja í iðnaði samhliða áherslum í umhverfismálum. Umsjón Guðmundur Gunnarsson.
20.30 Fréttavaktin (e)
21.00 Mannamál (e)

RÚV Sjónvarp

09.10 Leiðin á HM Úrúgvæ og Kamerún.
09.40 HM upphitun
09.50 Sviss - Kamerún Bein útsending.
12.00 Leiðin á HM Suður-Kórea og Wales.
12.30 HM stofan
12.50 Úrúgvæ - Suður-Kórea Bein útsending.
14.50 HM stofan
15.15 Leiðin á HM - liðin Gana
15.30 HM stofan
15.50 Portúgal - Gana Bein útsending.
17.50 HM stofan
18.10 Landakort Skútusigling.
18.15 KrakkaRÚV
18.16 Sögur af apakóngi
18.41 Matargat
18.45 Krakkafréttir
18.50 Lag dagsins Birnir og Páll Óskar - Spurningar.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.05 Okkar á milli Hún var stödd í umferðinni og mundi ekki hvar hún var eða hvert hún var að fara. Kristín Þóra Haraldsdóttir leikkona er gestur í Okkar á milli.
20.35 Könnuðir líkamans
21.10 Haltu mér, slepptu mér Cold Feet
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Lögregluvaktin Chicago PD
23.05 Framúrskarandi vinkona My Brilliant Friend
00.00 HM kvöld
00.45 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

12.00 Dr. Phil
12.40 The Late Late Show
13.25 Love Island Australia
14.25 Bachelor in Paradise
15.45 The Block
17.00 90210
17.40 Dr. Phil
18.25 The Late Late Show
19.10 Love Island Australia
20.10 Heima Skemmtilegir þættir þar sem áhorfendum er boðið í ferðalag þar sem borið verður niður hjá áhugaverðum gestgjöfum sem allir leitast við að skýra hugtakið „heima“ með sínu nefi.
20.40 The Resident
21.30 The Thing About Pam
22.20 Walker
23.05 The Late Late Show
23.50 Love Island Australia
00.50 Law and Order. Special Victims Unit
01.35 Chicago Med
02.20 Law and Order. Organized Crime
03.05 Yellowstone
03.50 The Handmaid's Tale Stórbrotin þáttaröð sem hlaut bæði Emmy og Golden Globe verðlaunin.

Stöð 2

07.55 Heimsókn
08.20 The Mentalist
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Cold Case
10.10 All Rise
12.15 Nágrannar
12.40 Making It
13.20 Britain's Got Talent
14.50 Dýraspítalinn
15.20 30 Rock
15.40 B Positive
16.05 Lego Masters USA
16.45 The Great Christmas Light Fight
17.25 Bold and the Beautiful
17.50 Nágrannar
18.15 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 The Cabins
19.50 Camp Getaway
20.40 Rutherford Falls
21.05 La Brea
21.55 Chucky
22.40 Real Time With Bill Maher
23.40 Chapelwaite
00.30 Blinded
01.15 Magpie Murders
02.05 A Teacher
02.30 The Mentalist
03.15 Cold Case
04.00 30 Rock
04.20 B Positive

Bragi Valdimar tekur sjálfan sig til kostanna

Jónasinn í ár fór í hendur Braga Valdimars Skúlasonar, eins dáðasta orðasmiðs landsins sem glatt hefur eyjarskeggja með félögum sínum í Baggalúti. Og auðvitað er hann gestur Sigmundar Ernis í Mannamáli í kvöld þar sem Hnífsdælingurinn fer á kostum í lýsingum sínum á þungarokksárunum fyrir vestan – og hvernig hann birtist samnemendum sínum í MH sem síðhærður lúði utan af landi. Og svo fylgir sagan frá Rússlandi þar sem kappinn endaði inni á spítala – og hefði betur drukkið minna af vodka í aðdraganda innlagnarinnar.

Krossgáta



LÁRÉTT
1 ílát
5 kvk. nafn
6 öxull
8 lasleiki
10 tónn
11 langar
12 mynt
13 þrymur
15 titill
17 boðflenna

LÓÐRÉTT
1 hænsn
2 gælunafn
3 kuldaþel
4 rispan
7 sálmabók
9 ófrægja
12 saklaus
14 oddi
16 munni

LÁRÉTT: **1** askur, 5 íða, 6 ás, 8 illska, 10 fa, 11 vil, 12 sent, 13 gnýr, 15 lektor, 17 snapi.
LÓÐRÉTT: **1** alifugl, 2 sóla, 3 kal, 4 rákin, 7 saltari, 9 sverta, 12 sýkn, 14 nes, 16 op.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Rune Djuurhus átti leik gegn Mickey Adams í Arnheim 1988.

1. Hxa5! bxa5 2. b6 1-0.
Íslandsmót barna- og unglingasveita (taflfélaga) 2022 fer fram laugardaginn 26. nóvember í Miðgarði, nýja fjölnotaíþróttahúsinu í Garðabæ. Taflmennskan hefst kl. 14 á 2. hæð.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Sudoku

6		1			2	5		
		2		5	9	8	1	
					3		4	6
	6		8				2	
	5	8	1		7			9
				6				
1	9	5		4				
				7			3	
4		7	9			1	8	

7			6		2	4		
	6	2	4			5	7	
							8	
		6	8	4	7			
					1		4	6
		5	2					7
				6	9			
	4			7		1		
6	1	7					3	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Jólablaðið

Kemur út 2. desember næstkomandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

Blaðið er fullt af skemmtilegu efni og þar má nefna viðtöl, mat, skreytingar, bakstur, innlit, föndur, jólagjafir og margt fleira.

Viltu auglýsa?

Hafðu samband í síma 550-5077 eða í tölvupósti á serblod@frettabladid.is

SKEMMTILEG SPIL
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



ÉG VEIT MEIRA

Hversu margar knattspyrnuhetjur getur þú nefnt? Hvað þekkir þú margar frægar kvikmyndastjörnur? Hljómar einfalt en tíminn er naumur.

ÉG VEIT MEIRA er stútfullt spil af skemmtilegum og óvæntum efnisatriðum sem reyna á ímyndunaraflið og hraða spilaranna.

Fjölskylda | 12+ ára | 2–6 spilarar | 30+ min.

ALIAS FRÆGIR!



Þekkir þú frægt fólk úr mannkynssögunni?

Þekkir þú persónur úr bíómyndum og bókum?

Mitt fyrsta ALIAS

NOTIÐ ÍMYNDUNARAFLIÐ OG AUKIÐ ORÐAFORÐANN!

Mitt fyrsta Alias býður yngstu spilurunum upp á tækifæri til að tala og skemmta sér konunglega á meðan.

Trönuhraun 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 534 0400 • www.myndform.is

MYNDFORM

Þríhyrningur í ferningi eftir Kristján Guðmundsson.

MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON

Listin sem breytti lífi mínu

Anton Helgi Jónsson skáld segir lesendum Fréttablaðsins frá listinni sem breytti lífi hans.

„Þegar ég var unglingur sá ég verk eftir Kristján Guðmundsson sem breytti mér og mótaði afstöðu mína til bókmennta og lista. Þetta var upp úr 1970. Ég bjó á Skólavörðuholtinu og þar var fátt í boði fyrir forvitna unglinga svo ég fór stundum í Gallerí Súm sem var staðsett í bakhúsi við Vatnsstíginn. Það var gengið upp óhrjálegar tröppur inn í forstofu og þaðan upp þröngan stigagang en þá kom maður inn í sýningarsal sem var með dúandi trégólfi og fjalirnar lakkaðar gráar. Inni í skoti eða hálfgerðum hliðarsal gekk ég eitt sinn fram á ögrandi listaverk. Á gólfinu var þunnt lag af mold afmarkað í ferning. Mold. Bara mold.

Ég var ákaflega jákvæður og mér fannst verkið á vissan hátt fallegt en ég var tómur í hausnum og skildi ekkert. Það var hins vegar miði á veggnum með heiti verksins og útskýring á því hvaða efni væru notuð í það. Þríhyrningur í ferningi, hét verkið og var 4x4 metrar að stærð. Efnið var annars vegar ferningur af mold og hins vegar þríhyrningur af vígðri mold sem var staðsettur í ferningnum en skar sig á engan hátt úr.

Um leið og ég hafði lesið mér til um verkið brast eitthvert haft í huga mér. Ég glataði sakleysinu og alla tíð síðan hefur einkum leitað á mig ein estetísk spurning þegar ég þarf að taka afstöðu til listaverks: Leynist þríhyrningur af vígðri mold í þessu verki?“ ■

Tvær bækur deila toppsætinu

tsh@frettabladid.is

Jólabókaflóðið er nú komið á fullt skrið og því sífellt meiri spenna að skapast á sölulistum bókabúðanna. Sú óvenjulega staða kom þó upp í Pennanum Eymundsson að tvær bækur deila fyrsta sætinu sín á milli.

Bækurnar sem um ræðir eru Játning eftir Ólaf Jóhann Ólafsson og Reykjavík glæpasaga eftir Ragnar Jónasson og Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.

Í þriðja sæti situr svo Kyrrþey eftir spennusagnameistarann Arnald Indriðason og Eden eftir Auði Övu Ólafsdóttur er í fjórða sæti. Fimmta sæti listans vermir svo bókin Var, er og verður eftir Birnu Ingibjörgu Hjartardóttur.

Athygli vekur að bækur á listanum eru allar eftir íslenska höfunda eða höfunda búsetta hér á landi ef frá er talin bókin Amma glæpon enn á ferð eftir David Walliams sem er í sjötta sæti. Walliams heimsótti Íslendinga nýlega á bókmenntahátíðina Iceland Noir. ■

Booker-verðlaunahafinn Bernardine Evaristo heimsótti Ísland í síðustu viku og kom fram á bókmenntahátíðinni Iceland Noir.

Bernardine Evaristo er einn af þekktustu rithöfundum Bretlands og heimsins í dag. Hún hefur sent frá sér tíu bækur en einna þekktust þeirra er skáldsagan Stúlka, kona, annað, sem Evaristo hlaut hin virtu Booker-verðlaun fyrir 2019, auk þess sem bókin var valin skáldsaga ársins á British Book Awards og Evaristo höfundur ársins sama ár.

Blaðamaður hitti Evaristo á Vinnustofu Kjarvals í Austurstræti. Spurð um hvort hún væri að koma til Íslands í fyrsta skiptið kvað Evaristo þetta vera sína fjórðu Íslandsheimsókn.

„Mér líkar vel við Ísland þannig að þegar mér var boðið að koma á hátíðina hugsaði ég mig ekki tvisvar um af því að ég hef ekki komið hingað í nærri tuttugu ár. Ég kom hingað þrisvar fyrir nærri tveimur áratugum og hafði mjög gaman af. Það sem mér líkar best við höfuðborgina er hversu hljóðlát hún er, maður getur andað og gengið um án þess að rekast utan í annað fólk. Landið virðist mér vera mjög siðmenntað,“ segir hún.

Umdeild en vinsæl

Bernardine Evaristo er fyrsta svarta konan og fyrsta svarta manneskjan af breskum uppruna til að hljóta Booker-verðlaunin. Hún deildi verðlaununum 2019 með Margaret Atwood sem hlaut þau fyrir bókina The Testaments.

Telur þú að árangur þinn hafi rutt brautina fyrir aðrar svartar konur og þeldökkar manneskjur í alþjóðlega bókmenntaheiminum?

„Ég held að ég hafi fengið mikla athygli fyrir það að vera sú fyrsta og einnig af því að valið þótti umdeilt vegna þess að ég og Margaret Atwood deildum verðlaununum. Þannig að stóru kastljósi var lýst á mig sem ég held að hafi valdið gáruáhrifum. Ég get ekki eignað mér heiðurinn af því algjörlega en staðreyndin að ég hafi verið fyrsta svarta konan til að vinna Booker-verðlaunin og auk þess verið sextug á þeim tíma, þetta var mín áttunda bók, bók sem fjallaði að mestu leyti um svartar konur, skipti sköpum af því allir þessir hluti voru ekki endilega það sem útgefendur voru að leita að.“

Evaristo segir þetta hafa fengið útgefendur til að endurhugsa viðhorf sín til þess að gefa út bækur eftir svört kvenskáld og svarta höfunda almennt. Þá segir hún að Booker-verðlaunin hafi orðið til þess að fjöldi lesenda sem vanalega hefðu ekki áhuga á bókum um reynsluheim svartra kvenna hafi lesið Stúlka, kona, annað, en bókin hefur selst í yfir milljón eintaka og verið þýdd á rúmlega 40 tungumál.

„Ég get sagt þér að þegar ég vann Booker-verðlaunin þá braut það niður vegginn á milli verka minna og lesenda sem myndu vanalega ekki telja sig hafa áhuga á verkum mínum. Ég veit að bókin hefur náð til alls konar lesenda og ég fæ viðbrögð um að þeir kunni að meta hana og tengi við hana. Þetta er fólk frá alls konar samfélögum. Ég held að málið með bókmenntir sé að þær ná út fyrir hópinn sem þú ert að skrifa um.“

Rótföst og sjálfsörugg

Evaristo gaf út sína fyrstu bók árið 1994 þegar hún var 35 ára, ljóðabók sem heitir Island of Abraham og höfundurinn var lengi vel ekki mjög stolt af. Fyrir þann tíma hafði hún starfað sem leikari og leikskáld og stofnaði fyrsta breska leikhúsið sem var algjörlega skipað svörtum konum 1982, Theatre of Black Women.

Fræg á einni nóttu eftir fjörutíu ár á jaðrinum

Þorvaldur S. Helgason
tsh
@frettabladid.is

Hvernig er tilfinningin að verða allt í einu heimsþekktur höfundur eftir svo mörg ár á jaðrinum?

„Þetta var ferli sem gerðist yfir nótt en var fjörutíu ár í vinnslu. Þetta er eitthvað sem ég er virkilega þakklát fyrir. Af því ég náði í gegn á efri árum er ég með mjög sterkar undirstöður. Ég er ekki einhver á þrítugsaldri sem verður frægur yfir nótt og kann ekki að höndla það. Veit ef til vill ekki hver hún er að fullu leyti. Ég veit hver ég er, ég veit hvað ég vil skrifa, ég er með mitt eigið samskiptanet, vini og fjölskyldu. Ég er mjög rótföst í mínu lífi, minni sköpun og mínu sjálfstrausti. Þannig að þetta er eitthvað sem ég hef getað tekið opnum örmum og af heilum hug.“

Evaristo bætir því við að hún sé meðvituð um að hún hefði allt eins ekki getað unnið Booker-verðlaunin.

„Þannig að mér finnst það vera mín skylda að vera þakklát. Og vegna þess að ég hef verið aðgerðasinni svo lengi þá hefur það gefið mér vettvang til að bjóða öðrum að vera með og láta mína rödd heyrast.“

Lætur ekki undan þrýstingi

Finnst þér árangur þinn hafa breytt því hvernig þú skrifar? Verið frelsandi eða heftandi?

„Það er mjög erfitt að segja því á eina höndina reyni ég að láta ekki velgengni Stúlka, kona, annað verða að pressu fyrir mig til að mæta henni með mínu næsta skáldverki. Af því næsta bókin verður eins og hún verður og lendir þar sem hún lendir. Ég veit að ég mun hafa stærri lesendahóp en áður, fyrir Booker-verðlaunin, en maður getur ekki séð fyrir velgengni bóka, ég held ekki. Þannig að ég reyni að losa mig við það og láta ekki undan þrýstingnum. Og á sama tíma verð ég að ganga úr skugga um að ég hafi sama frelsi og ég hef alltaf haft til að skrifa um hlutina sem ég vil skrifa um.“

Bernardine Evaristo fjallar gjarnan um hinsegin málefni og hinsegin fólk í verkum sínum. Í bókinni Stúlka, kona, annað eru nokkrar persónur sem eru á „hinsegin rófinu“ eins og hún kallar það, og fyrri bók hennar, Mr. Loverman, fjallar um samkynhneigðan karabíska mann á efri árum. Evaristo hefur sagt frá því í viðtölum að hún lifði sem lesbía í um áratug á sínum yngri árum en er nú gift manni og segist ekki líta á sig sem hinsegin rithöfund.

Ástríða og sköpun mikilvægust

Undanfarin ár hefur borið á ákveðnu bakslagi í réttindum hinsegin fólks, meðal annars í heimalandi þínu Bretlandi. Finnst þér mikilvægt að ávarpa þessa hluti og skrifa um hinsegin fólk?

„Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur öll sem erum að skrifa að fjalla um heiminn eins og hann er og láta ekki eins og við búum í gagnkynhneigðum heimi. Þess vegna er ég með nokkrar konur á hinsegin rófinu í Stúlka, kona, annað. Ég vildi ekki að þetta yrði gagnkynhneigð skáldsaga af því það er ekki sönn birtingarmynd af því sem við erum. Það er líka einn kynsegin karakter í bókinni af því það er eitthvað sem er mjög algengt á þessari stundu. Mér finnst að rithöfundar ættu að vera nógu hugrakkir til að skrifa út fyrir sinn eigin samfélagshóp því ef við gerum það ekki erum við að takmarka okkur. Ég veit að það er pressa á fólk að gera það ekki en ég er ekki sammála því.“

Það tók þig langan tíma að ná árangri sem rithöfundur, hvaða ráð myndir þú gefa ungum rithöfundum sem eru að berjast í bökkum?

„Það mikilvægasta er að skrifa af því þú ert með ástríðu fyrir því og að vera algjörlega einbeittur og trúr þinni sköpunargáfu og tjáningu, hvernig sem þú vilt láta það verða að veruleika. Það er það allra mikilvægasta. Síðan þarftu að vera úrræðagóður er kemur að því að skapa þér feril og stundum þolinmóður. Það fá ekki allir tækifæri fyrst um sinn og ef þú færð tækifærin snemma þá gætirðu misst móðinn snemma. Stundum er betra að hlutirnir gerist þegar þú ert orðinn þroskaðri.“ ■

Bernardine Evaristo segist vera þakklát fyrir velgengnina sem hún hefur hlotið sem höfundur í kjölfar þess að hún vann Booker-verðlaunin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

SPENNUÞRUNGIN OG SNÖRP

„Textinn rennur vel hjá Lilju sem fyrr, samtölin eru eðlileg, sagan skemmtileg og botn fæst í nokkur atriði, en ýmsu er haldið opnu …“

Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið



Ný glæpasaga um óhugnanlegar fyrirætlanir og valdamenn sem svífast einskis eftir spennusagna-drottninguna Lilju Sigurðardóttur

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið virka daga 10–18 | Laugardaga 11–17 | Sunnudaga 12–16 | **www.forlagid.is**

Saga, samtími og kyn

BÆKUR

Hamingja þessa heims

Sigríður Hagalín Björnsdóttir
Fjöldi síðna: 460
Útgefandi: Benedikt

Kristján Jóhann Jónsson

Hamingja þessa heims er söguleg skáldsaga sem gerist á fimmtándu öld og aðalpersóna er Ólöf Loftsdóttir ríka. Skáldið Sveinn döggskór eða Skáld-Sveinn, sem gengur reyndar undir fleiri nöfnum, er einnig fyrirferðarmikill í sögunni en hann er góðvinur Ólafar. Formið er með þeim hætti að hér er ein saga inni í annarri. Í rammasögunni er sagt frá sagnfræðiprófessor sem hefur hagað sér fíflslega gagnvart kvenfólki og verið úthrópaður fyrir það. Þessi hálærði sagnfræðingur er ekki ofbeldismaður eða nauðgari, en hegðun hans er stórlega ábótavant. Í refsingarskyni er honum vikið frá störfum í bili og hann settur yfir háskólasetur á Staðarfelli í Dölum. Þar finnur hann stórmerkileg handrit um 15. öldina, og sérstaklega um Ólöfu ríku. Þessi þrjú, Ólöf, Sveinn og sagnfræðingurinn, eru mikilvægustu persónur sögunnar.

Bræði og skelfing karlmanna

Eftir MeToo er bráðsnjallt að grípa niður á þessum stað í Íslandssögunni. Í sögu Sigríðar brýst Ólöf út úr því regluverki sem henni er ætlað að virða og vekur upp bræði og skelfingu hjá karlmönnum. Hún fer sínu fram, grípur fram fyrir hendurnar á bróður sínum og ögrar höfðingjum. Sagan af henni á erindi við okkar tíma.

Diðrik Píning, höfuðsmaður á Bessastöðum, reynir að klekkja á Ólöfu og sanna á hana ósæmileg og ókristileg kynferðismál. Að því leyti er Ólöf hliðstæð við sagnfræðiprófessorinn seinheppna. Um hjákátleg kynferðismál hans vitna að vísu margar konur og skrifa í tímaritið Sögu en illa gengur að „sanna“ ókristilega hegðun Ólafar.

Lykilmaður í því er skáldið Sveinn döggskór. Ólöf vill fá rétta útgáfu af eigin sögu og hana á Sveinn að skrifa til þess að „sannleikurinn“ komi fram og kveði niður róg og níð. Píning höfuðsmaður rænir Sveini og reynir hins vegar að pynta hann til að skrifa um ill og stórhættuleg kynferðismál Ólafar. Baráttan um „sannleikann“ geisar án afláts.

Hér hlýtur lesanda að verða hugsað til sagnfræðingsins í rammasögunni. Í tímaritið Sögu hafa tuttugu reiðar konur skrifað um fáránlega hegðun hans. Sagnfræðingurinn reynir að bera hönd fyrir höfuð sér í bréfum til vinar síns en það eru veikburða tilraunir. Kannski vegna þess að saga síðustu ára hefur komið yfir þennan sagnfræðing eins og köld vatnsgusa og það er einkennilegt hvað hann er steinhissa. Sagnfræðingar hugsa oft um söguna og það þyrfti að koma einhvern veginn fram í mati hans á eigin stöðu.

Sekt og sannleikur

Sögurnar af Ólöfu og sagnfræðingnum spegla hvor aðra á ýmsan hátt en um sumt eru þær ósambærilegar. Réttlát reiði háskólakvennanna yfir asnaskap prófessorsins er öðru vísi en heift Pínings höfuðsmanns yfir því að kona hafi skotið honum ref fyrir rass. Þriðja aðalpersónan í bókinni er skáldið Sveinn sem nauðugur má takast á við hina sígildu spurningu um það hvort til sé algildur sannleikur og ef svo, hvað hann hafi þá með hamingju mannanna að gera. Sveinn stendur á 15. öld frammi fyrir spurningum sem virðast kunnuglegar á þeirri 21. Verða menn ekki samstundis sekir ef þeir eru ásakaðir um eitthvað? Er persónulegur sannleikur ekki alltaf og örugglega óvéfengjanlegur? Ber að refsa fólki sem efast um það sem því er sagt? Og þannig mætti lengi telja. Að sjálfsögðu er fjöldamargt í þessari áhugaverðu bók sem ekki hefur verið minnst á hér. ■

NIÐURSTAÐA: Bráðskemmtileg, söguleg skáldsaga um eitt af forvitnilegustu tímabilum Íslandssögunnar. Hentar vel fyrir lesendur sem telja lífið margbreytilegt og efahyggju nauðsynlega.

Hver er hér og hver ekki

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL

Hannah Felicia

Tjarnarbíó
Danshöfundur: Lára Stefánsdóttir
Dansarar: Hanna Karlsson og Felicia Sparrström
Tónlist: Högni Egilsson
Hljóðmynd: Þórarinn Guðnason
Búningar: Charlotte von Weissenberg
Lýsingarhönnun: Jónatan Fischhaber

Gentle Unicorn

Kassinn Þjóðleikhúsinu
Höfundur og flytjandi: Chiara Bersani
Hljóðhönnun: F. De Isabella
Lýsingarhönnun og tæknistjóri: Valeria Foti
Stílísering: Elisa Orlandini

Sesselja G. Magnúsdóttir

Í doktorsritgerðinni From Gender Only to Equality for All frá 2012 fjallar doktor Þorgerður H. Þorvaldsdóttir um útvíkkun jafnréttishugtaksins og þróun í jafnréttisstarfi og orðræðu frá áherslu á jafnrétti kynjanna yfir í jafnrétti ýmissa minnihlutahópa og margþætta mismunun. Þar er því haldið fram að æskilegt sé að útvíkka jafnréttishugtakið því kynjajafnrétti náðist ekki án þess að tekið væri á misrétti sem byggðist á stétt, kynþætti, kynhneigð, aldri og fötlun. Síðan þá hefur hugmyndin um jafnrétti fyrir alla náð fótfestu og kallað á sjálfsskoðun flestra kima samfélagsins þar sem greina þarf misrétti sem er innbyggt í hefðir og hugsun okkar og hvernig hægt er að brjóta upp gömul viðhorf og hugsanamynstur. Hugtakið inngilding hefur meðal annars verið notað til að skoða þessa þætti og spurt hefur verið: Hver er hér og hver er ekki hér? Umræðan um inngildingu hefur meðal annars verið sterk innan sviðslista eins og sést á nýafstöðnu Reykjavík Dance Festival. Það er þó ekki í fyrsta skipti í ár sem það er gert heldur hefur nýjum og fjölbreyttari hópum verið boðið á svið undanfarin ár.

Í skipulagi og efnisvali Reykjavík Dance Festival sem haldin var dagana 16.-20. nóvember 2022, var viðteknum hugmyndum um hverjir eiga rödd og líkama á sviði í dansverkum ögrað. Líkamlega fötluðum var gert hátt undir höfði en tvö af aðalverkum hátíðarinnar voru dönsuð af fötluðum einstaklingum. Í öllu kynningarefni var líka tekið sérstaklega fram hvernig aðstaða fyrir fatlaða væri en greinilegt var að lagður hefur verið metnaður í að hafa alla viðburði aðgengilega fyrir

Sýningin Hannah Felicia eftir danshöfundinn Láru Stefánsdóttur er gerð fyrir einn fatlaðan dansara og einn ófatlaðan. MYND/OWEN FIENE

> Sýningarnar Hannah Felicia og Gentle Unicorn sýna áhorfendum fegurð fjölbreytileikans.

hjólastóla sem og aðgengilega salernisaðstöðu.

Hannah Felicia

Lítið hefur farið fyrir danshöfundinum Láru Stefánsdóttur undanfarin ár. Það var því kærkomið að sjá aftur verk eftir hana á sviði. Verkið Hannah Felicia var samið fyrir tvo af dönsurum dansflokksins Spinn sem er sænskur atvinnudansflokkur skipaður fötluðum og ófötluðum einstaklingum. Dansverkið var hreint og hlýtt. Það var áferðarfallegt en vantaði aðeins upp á spennu. Samdans dansaranna var flæðandi og endurspeglaði mest væntumþykju og ró. Sú staðreynd að annar þeirra gat ekki staðið í fæturna gerði samspil dansaranna síður en svo áhrifaminna. Það komu líka skemmtileg andartök þar sem hjólastóllinn tók sér stöðu sem þriðji sýnandinn. Sviðsmyndin og búningarnir voru tærir, rauður gólfdúkur, búningar á litinn eins og sápukúlur og lýsing sem undirstrikaði á skýran hátt það sem var að gerast á sviðinu. Tónlist Högna Egilssonar, ágætlega samin, náði þó ekki nægri tengingu við annað sem var að gerast á sviðinu og naut sín því ekki sem skyldi. Sú tónlist hefði betur átt við annan dans og þessi dans þarfnaðist aðeins annarrar tónlistar.

Gentle Unicorn

Líkaminn sem lá á sviði Kassa Þjóð-

Í verkinu Gentle Unicorn leikur dansarinn og danshöfundurinn Chiara Bersani sér með goðsögnina um einhyrninginn. MYND/OWEN FIENE

leikhússins þegar áhorfendur gengu í salinn til að horfa á verkið Gentle Unicorn átti ekki margt skylt við svífandi ballerínur eða unga kröftuga virtúósa hefðbundinna dansflokka. Chiara Bersani er bundin hjólastól og getur því ekki gengið, hlaupið né dansað um sviðið fimum fótum. Hún getur aftur á móti skriðið um og hreyft bæði hendur og fætur á fínlegan og áhrifamikinn hátt. Sviðssjarmi hennar er mikill. Chiara náði að tengja við áhorfendur og fá þá til að þykja vænt um sig þar sem hún í hlutverki einhyrnings ferðast um í leit að vináttu og nálægð. Endirinn á verkinu er óvæntur og gefur því nýja vídd. Verkið er jafn ævintýralegt og þjóðsagnadýrið sjálf, einhyrningurinn. Því var hvíslað að mér að það yrði bara áhrifameira eftir því sem maður sæi það oftar. ■

NIÐURSTAÐA: Sýningarnar Hannah Felicia og Gentle Unicorn sýna áhorfendum fegurð fjölbreytileikans. Að semja dansverk er skapa list úr hreyfingum.

FIMMTU — DAGURINN ! LANGI

MYNDLIST Í MIÐBORGINNI !

SÍÐASTA FIMMTUDAG Í MÁNUÐI BJÓÐA SÖFN OG SÝNINGARSTAÐIR Í MIÐBORGINNI UPP Á LENGDAN OPNUNARTÍMA.

UPPLAGT TÆKIFÆRI TIL AÐ BREGÐA SÉR AF BÆ OG NJÓTA MYNDLISTAR.

FJÖLBREYTTAR SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR!

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM OPNUNARTÍMA OG DAGSKRÁ Á
WWW.FIMMTUDAGURINNLANGI.IS

Reykjavík !

Tilboðsverð
9.774 KR. Verð 16.290 kr.

Primaloft® jakki fyrir karla
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa

Tilboðsverð
9.774 KR. Verð 16.290 kr.

Primaloft® jakki fyrir konur
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa

Tilboðsverð
5.874 KR. Verð 9.790 kr.

Snjóbuxur fyrir börn
Vatnsheldar, góð öndun, teygjanlegar, meðalhlýjar

Tilboðsverð
3.954 KR. Verð 6.590 kr.

Bakpoki með fartölvuvasa
Léttur bakpoki með fimm hólfum

Tilboðsverð
9.894 KR. Verð 16.490 kr.

Primaloft® útivistarjakki fyrir karla
Vatnsfráhrindandi, ofurléttur, pakkast í innri vasa

BLACK FRIDAY

40% AF ÖLLUM VÖRUM

Gildir til og með mánudeginum 28. nóvember

Tilboðsverð
12.114 KR. Verð 20.190 kr.

Harmony x-perience hlaupaskór
Léttustu hlaupaskór sem 4F hefur framleitt.
Einstök X-Perience Foam tækni

Tilboðsverð
5.874 KR. Verð 9.790 kr.

Dúnúlpa fyrir börn
Vatnsfráhrindandi, mjög hlý og með góðri öndun

Tilboðsverð
13.494 KR. Verð 22.490 kr.

Gönguskór úr leðri
Vatnsfráhrindandi og með 3M Thinsulate™ einangrun

Tilboðsverð
7.374 KR. Verð 12.290 kr.

Skíðaúlpa fyrir börn
Vönduð létt úlpa með 4F NeoDry 5.000MM og 4F GrowUp tækni

Tilboðsverð
7.314 KR. Verð 12.190 kr.

Fóðruð mjúk snjóbrettaskel 5.000 mm
Létt, vindheld og með öndun

Tilboðsverð
2.334 KR. Verð 3.890 kr.

Mjúk joggingpeysa fyrir börn
Ævintýrapeysa frá 4F

Tilboðsverð
8.574 KR. Verð 14.290 kr.

Léttur skeljakki fyrir konur
Vatnsheldur, vindheldur og með öndun

Tilboðsverð
3.354 KR. Verð 5.590 kr.

Rennd hettupeysa fyrir börn
Vönduð hettupeysa úr bómull

Tilboðsverð
8.574 KR. Verð 14.290 kr.

Mjúkur skeljakki 10.000 mm
Léttur jakki með 4F NeoDry 10.000 MM tækni

Tilboðsverð
5.994 KR. Verð 9.990 kr.

Vetrarúlpa fyrir börn
Vatnsheld, hlý, góð öndun, stillanleg ermalengd

SMÁRALIND

Það er ódýrara að breyta en að flytja

Húsnæðisverð fer síhækkandi og síðasti ársfjórðungurinn er gjarnan krefjandi með tilheyrandi álagi. Það getur verið snúið að finna tíma til að taka til þegar draslið virðist vaxa út úr veggjunum. Hér eru lausnir til að fegra heimilið með sem minnstri fyrirhöfn og fæstum krónum.

ninarichter@frettabladid.is

Heimilið þjónar hlutverki sem griðastaður, hvíldarstaður og skemmtistaður. Í heimsfaraldri varð heimilið meira að segja í mörgum tilfellum vinnustaður. Á veturna eyðum við oftar en ekki meiri tíma heima við en aðra tíma ársins. Því er einfaldlega bráðnauðsynlegt að heimilið sé eins þægilegt og skemmtilegt og hægt er, sérsniðið að þörfum þínum og þinna.

Áramót eru tilvalinn tími til að endurnýja, breyta og bæta. Þar sem margir eru uppteknir við störf, leik og félagslíf í desember er alveg gráupplagt að hressa upp á heimilið áður en jólaskrautið fer upp.

Það þarf ekki að vera dýrt að glæða hversdaginn lífi á ný og það er alltaf ódýrara að breyta en flytja! Oft geta litlar breytingar gert helling og hleypt gleðinni aftur inn í gamalt og þreytt rými. Við lítum á nokkur dæmi. ■

Skipuleggðu heimilið

Ef heimilið er á kafi í drasli er gott að byrja á því að greina hvers konar hlutir það eru sem búa til drasl, og kaupa síðan geymslulausnir undir þá sömu hluti, ef maður þarf að eiga þá áfram. Ef allir hlutir eiga sér vísan stað, þá þarf aldrei að vera drasl. Margar verslanir bjóða alls konar sniðugar og smart geymslulausnir sem geta reddað þér úr draslvítahringnum og meira að segja fegrað heimilið í leiðinni.

Bættu við smá lit

Litir á veggina er önnur leið til að snarbreyta útliti og andrúmslofti herbergis með lítilli fyrirhöfn og tilkostnaði. Það er hægt að stækka og minnka herbergið og nánast breyta löguninni á rýminu með litum. Það er ekki nauðsynlegt að mála alla veggina í sama lit. Hægt er að mála karma, kanta og setja upp litaða lista og skreytingar. Málningarverslanir bjóða oft upp á þjónustu og bæklinga sem geta aðstoðað við að fá hugmyndir. Þumalputtareglan er að dökkir litir gefi tilfinningu fyrir smærra rými og ljósir litir stækki það. Það er þó ekki þar með sagt að forðast beri dökka liti með öllu, og þeir geta verið afskaplega fallegir á réttum stöðum til að skapa hlýju og notalegt andrúmsloft. Þá er hægt að mála hálfan vegginn í einum lit og efri hlutann í öðrum. Gömul hús geta notið sín vel og hreinlega blómstrað í réttu litavali. Við mælum með að fá ráðgjöf fagfólks varðandi rétta blöndu og gljástig og hlusta á góða hljóðbók á meðan málað er.

Skiptu um lýsingu

Bætt lýsing er ein auðveldasta leiðin til að gjörbreyta rýminu. Hvort sem þú stefnir að því að skapa afslappandi eða hressandi áhrif, eru margar leiðir til að lýsa. Litur á lýsingunni er eitt lykilatriði sem margir fara flatt á, og köld lýsing á ekki alltaf við. Lýsingin er ekki bara spurning um peru eða ljósabúnað heldur er staðsetning líka mikilvæg. Starfsfólk í ljósaverslunum er boðið og búið að aðstoða þig og einnig er hægt að komast langt á síðum eins og YouTube, þar sem hægt er að fræðast og fá ráðgjöf án þess að borga krónu. Þá er ekki svo galið að hafa málin á herberginu við höndina þegar þú velur ný ljós í rýmið.

Verslaðu á nytjamörkuðum

Nytjamarkaðir eru sannkallaðar fjársjóðskistur. Það getur verið gott að ákveða áður en lagt er af stað hvað það er sem þú telur þig vanta. Þá er ágætt að hafa í huga hvaða litir passa inn í rýmið, hvers konar áferð þú ert að leita að og í hvaða stærð hlutirnir eiga helst að vera. Þannig verður leitin á nytjamarkaðinum markvissari og tími þinn nýtist betur. Þú getur gúgglað nytjamarkaði sem eru allnokkrir á höfuðborgarsvæðinu, og svo má nýta Facebook-grúppur sem bjóða upp á verslun með notaða hluti.



Gefðu gömlum mublum nýtt líf

Það þarf ekki alltaf að kaupa nýtt. Það er hægt að láta sprautulakka eldri mublur og bólstra gamla sófa. Nýir hnúðar og handföng á skúffur, skápa og innréttingar geta gert ótrúlega mikið. Til dæmis geta hversdagslegar eldhúsinnréttingar fengið nýtt líf með þessum hætti, rétt eins og ljót peysa getur orðið flott með nýjum hnöppum.

Svartur föstudagur

Fleiri tilboð á penninn.is

Píluspjald 43cm með 6 pílum
TILBOÐSVERÐ: 2.339 kr.
Verð áður: 3.899. kr.

Með Loka
TILBOÐSVERÐ: 3.499 kr.
Verð áður: 4.999. kr.

Drengurinn með ljáinn
TILBOÐSVERÐ: 3.989 kr.
Verð áður: 5.699 kr.

Kiddi klaufi 16
TILBOÐSVERÐ: 3.599 kr.
Verð áður: 5.199 kr.

Patti Smith: A Book of Days
TILBOÐSVERÐ: 4.724 kr.
Verð áður: 6.299 kr.

Öll tímarit á 25% afslætti

Spil Bootle Flip
TILBOÐSVERÐ: 3.240 kr.
Verð áður: 6.479 kr.

Hungur
TILBOÐSVERÐ: 4.899 kr.
Verð áður: 6.999 kr.

Drepsvart hraun
TILBOÐSVERÐ: 5.599 kr.
Verð áður: 7.999 kr.

Landakort úr efni
TILBOÐSVERÐ: 2.700 kr.
Verð áður: 8.999 kr.

Túss Paint-It 0.8mm
TILBOÐSVERÐ: 2.099 kr.
Verð áður: 2.999 kr.

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 27. nóvember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

www.penninn.is
s: 540-2000

Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

Penninn Eymundsson

Ragnar Eyþórsson kynntist þakkargjörðarhátíðinni þegar hann bjó í Bandaríkjunum á níunda áratugnum og kynntist síðar kanadísku útgáfunni sem haldin er í október. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Töfrar fram kryddaða kalkúnaleggi og kartöflur

Ragnar Eyþórsson, dagskrárgerðarmaður á RÚV, heldur þakkargjörðarhátíð að amerískum sið, með tilheyrandi kræsingum. Siðurinn kom til þegar fjölskyldan bjó í Bandaríkjunum á níunda áratugnum.

ninarichter@frettabladid.is

„Við bjuggum í Ameríku frá 1983 til 1987. Okkur fannst þakkargjörðarhátíðin mjög skemmtileg hátíð. Hún er fyrir alla í Ameríku, hefur ekki trúarleg tengsl og er meiri fjölskylduhátíð en margt annað," segir Ragnar Eyþórsson dagskrárgerðarmaður, og bætir við að hátíðin sameini þannig fólkið af því að allir taki þátt.

„Svo þegar við fluttum heim til Íslands fannst okkur gaman að grípa í þakkargjörðina við og við, til að minna okkur á þessar stundir í Ameríku. Seinna fór ég í nám til Kanada og þeir halda líka þakkargjörðina en mánuði fyrr," segir hann. Kanadamenn halda hátíðina í október. „Þau segja að það sé réttari dagsetning. Ég veit ekki af hverju, en þau hafa mánaðar forskot á Kanann."

Ragnar segist hafa verið einn í Kanada, en vinir hans hafi boðið honum heim, sem eins konar íslenskum heiðursgesti. „Það var alltaf mikill heiður að fá að tálga kalkúninn sem gesturinn," segir hann.

Þegar hann flutti til Íslands ákvað hann að halda í hefðina. „Við reynum að halda upp á þetta á nokkurra ára fresti og fá alla fjölskylduna saman," segir hann.

Að sögn Ragnars er hátíðin gríðarlega amerísk og því flóknari í aðlögun út fyrir Bandaríkin en til dæmis Valentínusardagur og hrekkjavaka. „Þakkargjörðin á sér sögulegar rætur í Ameríku. En þetta er náttúrulega bara uppskeruhátíð. Í amerískum bíómyndum virðist mikilvægara að missa ekki af þakkargjörðarhelginni frekar en til dæmis jólunum. Frægasta þakkargjörðarmyndin er Plains, Trains and Automobiles. Það er þakkargjörðarhátíðin sem hann er að fara heim til," segir Ragnar.

Kvikmyndirnar virðast þó sitja einar að þakkargjörðinni sem listform, og aðspurður man Ragnar ekki til þess að nein tónlist tengist deginum sérstaklega.

Að sögn Ragnars var þakkargjörðin í upphafi hálfgerður gálgafrestur á jólaskreytingar. „Í Bandaríkjunum þarf ekki að setja upp jólaskrautið fyrr en þakkargjörðin er búin. Á Íslandi byrjum við í september og ekkert er þar á milli nema hrekkjavakan," segir hann.

Að sögn Ragnars var þakkargjörðin í upphafi hálfgerður gálgafrestur á jólaskreytingar. „Í Bandaríkjunum þarf ekki að setja upp jólaskrautið fyrr en þakkargjörðin er búin. Á Íslandi byrjum við í september og ekkert er þar á milli nema hrekkjavakan," segir hann.

„Nú er svarti föstudagurinn búinn að draga rosalega úr mikilvægi þakkargjörðarhátíðarinnar. Fyrir tíu árum síðan byrjuðu þessar rosa útsölur á netinu og fólk fór að drífa af þakkargjörðina til að komast í biðröð á svörtum föstudegi. Ljóminn af þakkargjörðarhátíðinni hefur dofnað," segir hann. „Kannski eru það kaupmenn sem ráða því hvaða hátíðir koma til Íslands. Það hefur enginn hag af því að halda þakkargjörðarhátíðina nema kalkúnabændur. En svo stórgræða þeir á brunaútsölum á svörtum föstudegi."

Ragnar og fjölskylda hans halda í hefðina hvað matinn varðar. „Við höfum kalkúninn eins stóran og mögulegt er, reynum að hafa hann að minnsta kosti átta kílóa. Svo er reynt að hafa sem stærsta kalkúnaleggi og það er slegist um það ár eftir ár, hver fær legginn," segir Ragnar. „Eins og við systir mín erum yfirleitt góð saman hefur það verið helsta ágreiningsmálið hver hefur fengið leggina ár hvert," segir hann og hlær.

Í fyrra fann Ragnar lausn á ágreiningnum. „Ég uppgötvaði að það er hægt að elda bara leggi í slow cooker. Ég gerði fyllinguna og allt sem fylgdi í einum potti, fór í vinnuna. Þegar ég kom heim og var þakkargjörðin tilbúin án þess að neinn gerði neitt," segir hann.

„Við förum hringinn og þökkum fyrir og alveg niður í minnstu krakkana. Það er svo gaman að heyra hvað þau eru þakklát fyrir. Kynslóðin undir okkur bjó ekkert úti, en þau fylgjast með okkur og þetta er voða fallegur siður og einfalt að fylgja eftir, hvað það er sem maður er þakklátur fyrir." ■

> Við förum hringinn og þökkum fyrir og alveg niður í minnstu krakkana. Það er svo gaman að heyra hvað þau eru þakklát fyrir.
>
> Ragnar Eyþórsson

Kalkúnaleggir Ragnars í hægeldunarpotti

„Einn mikilvægasti hluti þakkargjörðarmáltíðar er kalkúnafyllingin. Til að fá góða fyllingu þarf hún einmitt oftast að vera inni í kalkúni," segir Ragnar. „En fyrir þau sem vilja fyllingu en nenna ekki öllu brasinu sem fylgir að elda heilan kalkún, þá er hér einföld lausn á því. Til þess þarf hægeldunarpott eða slow cooker."

- 4–5 kalkúnaleggir
- Poki af tvíbökum
- 1–2 sætar kartöflur
- 3 gulrætur
- 1–2 laukar
- 1–2 paprikur
- 1 bréf af þykkt skornu beikoni
- Nýmalaður pipar
- Kalkúnakrydd
- Paprikukrydd
- 2 bollar af vatni

Flysjið og skerið sætar kartöflur í teninga og komið fyrir í hrúgu í öðrum enda hægeldunarpottsins.

Myljið rúmlega hálfan poka af tvíbökum og raðið þykku lagi yfir restina af botninum.

Skerið niður gulrætur, lauk og papriku og raðið yfir tvíbökur. Þetta verður fyllingin.

Skolið kalkúnaleggina, þerrið og kryddið. Kryddin hér að ofan eru uppástungur en passið að salta alls ekki leggina. Ekkert salt, takk, það kemur með beikoninu.

Raðið leggjunum hlið við hlið ofan á grænmetinu og sætu kartöflum.

Skerið þykkt beikon í minni búta og raðið vel yfir leggina svo þeir eru alveg þaktir. Beikonið heldur leggjunum frá því að þorna upp og saltar leggina í leiðinni.

Bakið á lægstu stillingu í 8 klst.

Þegar allt er eldað, byrjið á að tína beikonið til hliðar í skál. Leggirnir eru tilbúnir en þá vantar algjörlega yndislega stökka yfirbragðið.

Setið því leggina í eldfast mót, stillið ofninn á grill 220°C og bakið þá í 10 mín. eða þar til þeir fá fallega ytri húð. Það má jafnvel snúa þeim til að ná öllum hliðum.

Meðan leggirnir eru í ofninum, takið sætu kartöflurnar og setjið í aðra skál og maukið saman. Þarna er komin yndisleg sætkartöflustappa.

Setjið loks beikonið aftur út í grænmetið og tvíbökurnar og hrærið vel saman. Þarna verður fullkomin bragðmikil fylling.

Ragnar ráðleggur fólki að bera þetta fram með amerískum hreim og finna eitthvað til að vera þakklát fyrir, og njóta vel.

Sigraðu innkaupin!

Tilboð gilda 24.–27. nóvember

Heilsufiski-bollur
500 g

779 kr/pk
~~1.299 kr/pk~~

Maríneraður kjúklingur

1.598 kr/kg
~~2.189 kr/kg~~

Rauð epli
2 kg

374 kr/pk
~~498 kr/pk~~

Bæonne-skinka

1.385 kr/kg
~~2.199 kr/kg~~

Lambahryggur,
léttreyktur

4.189 kr/kg
~~5.239 kr/kg~~

Humar, skelbrot,
1 kg

3.969 kr/pk
~~5.299 kr/pk~~

Sérbakað vínarbrauð

135 kr/stk
~~269 kr/stk~~

Hafrabrauð
687 g

249 kr/stk
~~499 kr/stk~~

Sigraðu innkaupin og fáðu betra verð á matvöru með Samkaupa appinu

nettó

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

HRINGBRAUT

Í KVÖLD

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 og KL. 20.30

MANNAMÁL

KL. 19.00 og KL. 21.00



SUÐURNESJAMAGASÍN

KL. 19.30 og KL. 21.30

GRÆN FRAMTÍÐ

KL. 20.00 og KL. 22.00

Dansarar David Guetta og Bebe Rexha á sviði FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stílíseraði atriði David Guetta á MTV-hátíð

Kristjana Björg Reynisdóttir fatahönnuður aðstoðaði við gerð búninga fyrir atriði David Guetta og Bebe Rexha á MTV European Music Awards í Düsseldorf fyrr í mánuðinum. Kristjana starfaði við hátíðina í annað sinn og segir það góða innspýtingu fyrir hugann og hönnun sína að fá að taka þátt.

lovisaa@frettabladid.is

Kristjana við störf á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Kristjana býr og starfar í Berlín þar sem hún hannar fyrir fatamerkið DSTM sem stendur fyrir Don't shoot the messenger. Þó svo að Kristjana starfi sem fatahönnuður hefur hún í gegnum feril sinn reglulega tekið að sér verkefni sem snúa að búningahönnun og segir það gott fyrir list sína að gera það af og til.

„Þegar ég kem til baka úr svona verkefni er ég svo full af innblæstri og krafti. Þetta er í annað sinn sem ég geri þetta. Samstarfskona mín hefur gert þetta af og til. Við fórum saman í fyrra en ég fór ein í ár. Maður kynnist þarna fólkinu og það er margt sem dregur að. Ég er strax farin að huga að næstu hátíð núna, þetta er svo skemmtilegt," segir Kristjana.

Starf hennar á hátíðinni var í búningadeildinni sem sér um búninga fyrir alla dansara sem koma fram.

„Stórstjörnurnar eru í tískukafnaði þannig að við sjáum bara um dansara. Annað hvort að hanna fötin, stílísera þau eða breyta og laga það sem þau eru í. Þetta eru alls konar tilfallandi verkefni líka. Það getur alveg komið eitthvað upp hjá stórstjörnunum og þá þarf maður að vera tilbúinn til að stökkva í það. Að sauma fötin utan á þau rétt áður en þau fara upp á svið," segir Kristjana og því sé rík krafa um að geta sinnt fjölbreyttum störfum meðan á hátíðinni stendur.

Fær úthlutað atriði

Hver starfsmaður í búningadeild fær úthlutað atriði og hún fékk í ár atriði David Guetta og Beba Rexha en þau gáfu nýlega út lagið I'm Good. Kristjana segir að klæðnaður dansaranna á hátíðinni hafi verið innblásinn af búningi söngkonunnar í myndbandi sem fylgir laginu en það er ekki enn komið út.

Hún segist mjög ánægð með útkomuna en hún hefur þó aðeins séð atriðið á myndbandi þar sem hún þurfti að vera til baksviðs á meðan því stóð.

„Maður tók við dönsurum baksviðs með tárin í augunum. Ég er svakalega ánægð með útkomuna. Það var yndislegt að sjá líka hversu glöð þau voru."

Svakaleg vinna en vel þess virði

Kristjana segir að það sé svakaleg vinna að taka þátt í svona verkefni. Hún hafi verið í vinnu í Dusseldorf í fimm daga á þessu ári og að dagarnir hafi verið mjög langir.

„Það er alveg þess virði. Það er séð vel um mann hvað varðar mat og drykk. Svo er þetta svo ótrúlega skemmtilegt að þú finnur í raun ekki fyrir þreytunni fyrr en þú kemur upp á hótel, eða bara hreinlega heim eftir að þessu er lokið."

Á hátíðinni komu fram stórstjörnur eins og Taylor Swift, David Guetta, Lewis Capaldi og Kalush Orchestra frá Úkraínu. Kristjana segir að í samræmi við það sé öryggisgæslan svakalega mikil en að þau sem starfi í búningahönnun hafi aðgang að öllum svæðum svo þau geti sinnt hverju og hverjum sem er.

„Stundum þarf maður að passa sig að vera eðlilegur. Þegar maður er að taka málin af einhverjum stórstjörnum. Baksviðs sér maður þau og vinkar feimnislega. Maður fær auðveldlega stjörnur í augun," segir Kristjana og hlær.

Hún segir frá einu atviki þar sem hún var að labba baksviðs með fullar hendur af búningum og rakst í mann sem sneri sér við.

„Þá var það Taika Waititi sem var kynnir á hátíðinni." ■

Með Kanye til að bjarga Kim frá áreiti

ninarichter@frettabladid.is

Fyrirsætan og leikkonan Julia Fox hefur opnað sig um það sem hún kallar „raunverulegar ástæður þess að hún átti í sambandi við rapparann Kanye West". Hún sagði í TikTok-vídeói að tilgangurinn hefði verið að „trufla hann" frá því að halda áfram að áreita fyrrverandi eiginkonu sína, Kim Kardashian. Kanye fór á sínum tíma mikinn á samfélagsmiðlum og úthúðaði eiginkonunni fyrrverandi og nýjum kærasta hennar, nú fyrrverandi, Pete Davidson. Kim og Pete áttu í hálfsmánaðar löngu sambandi stuttu eftir að Kim og Kanye skildu eftir sex ára hjónaband.

Leikkonan Julia Fox.

Julia Fox ætlaði upphaflega að leysa frá skjóðunni í væntanlegri bók um málið en ákvað að tjá sig eftir gagnrýni á samfélagsmiðlum. ■

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrir@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Kolbeinn Kolbeinsson *kolbeinn@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is* **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

BÆKUR SEM LÝSA UPP SKAMMDEGIÐ!

BJARTUR & VERÖLD

1. Eymundsson Allar bækur

REYKJAVÍK

RAGNAR JÓNASSON, KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

„Einn besti krimmi sem ég hef lesið lengi.“

- Gísli Marteinn Baldursson

JÁTNING

ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON

„Lýsir upp skammdegið ... heillandi saga ... hrífandi, tónninn léttur og leikandi og atburðarásin spennandi.“

- Sædís Björnsdóttir, Morgunblaðinu



1. Eymundsson Allar bækur

GÆTTU ÞINNA HANDA

YRSA SIGURÐARDÓTTIR

„Flókin flétta heldur lesendum spenntum og fær hárin til að rísa eins og Yrsu er lagið.“

- Ritstjórn menningarvefjar ruv.is

ÚTSÝNI

GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR

„...heldur lesandanum grettistaki.... syngur í eyrum lesanda.“

- Ingibjörg Iða Auðunardóttir, Morgunblaðinu

SEATTLE Sealy heilsudýna

Vönduð millistíf heilsudýna með pokagormakerfi, svæðaskipt. Náttúrulegt Talalay latex í bland við svamp. Einstaklega gott loftflæði.

90x200 cm	**124.900 kr.**	**Nú 92.930 kr.**
120x200 cm	**160.900 kr.**	**Nú 118.730 kr.**
140x200 cm	**174.900 kr.**	**Nú 128.930 kr.**
160x200 cm	**189.900 kr.**	**Nú 139.930 kr.**
180x200 cm	**204.900 kr.**	**Nú 150.930 kr.**
192x203 cm	**229.900 kr.**	**Nú 168.930 kr.**
200x200 cm	**244.900 kr.**	**Nú 179.930 kr.**

WASHINTON Sealy heilsudýna

Vönduð heilsudýna sem hentar fólki á öllum aldri. Pokagormakerfi, kantstyrking og vönduð yfirdýna.

160x200 cm	**279.900 kr.**	**Nú 202.930 kr.**
180x200 cm	**294.900 kr.**	**Nú 213.930 kr.**
192x203 cm	**319.900 kr.**	**Nú 231.300 kr.**
200x200 cm	**334.900 kr.**	**Nú 242.930 kr.**

DORMA PREMIUM dúnsæng

Hlý og góð sæng með 15% dún og 85% smáfiðri. 1036g

Fullt verð: 16.900 kr.

Nú **11.830 kr.**

DORMA PREMIUM dúnkoddi

Þykkur og gefur góðan stuðning með 15% dún og 85% smáfiðri. 850g

Fullt verð: 6.900 kr.

Nú **4.830 kr.**

DORMA ullarsæng

Náttúruleg sæng sem hentar allan ársins hring.

Fullt verð: 21.900 kr.

Nú **14.235 kr.**

DORMA ullarkoddi

Náttúrlegur koddi sem veitir góðan stuðning.

Fullt verð: 9.900 kr.

Nú **6.435 kr.**

LAGOON rúmgrind, dýna seld sér

Glæsilegur botn og höfuðgafl með Monza drapplituðu eða ljósgráu áklæði.

140x200 cm	**179.900 kr.**	**Nú 134.925 kr.**
160x200 cm	**189.900 kr.**	**Nú 142.425 kr.**
180x200 cm	**199.900 kr.**	**Nú 149.925 kr.**

AVIGNON hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll með skammel. PCV áklæði. Grár eða rauður.

Fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **139.930 kr.**

RIGA hægindastóll með skemli

Flottur hægindastóll í svörtu leðri með krómfæti. Stærð: 82 x H: 106 cm.

Fullt verð: 199.900 kr.

Aðeins **99.950 kr.**

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

Verslaðu á **dorma.is**

BLACK FRIDAY

20-50%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
ALLA VIKUNA

SMÁVÖRUPANTANIR YFIR 9.900 KR ERU SENDAR FRÍTT TIL JÓLA PÓSTBOX OG PAKKAPORT PÓSTSINS

70%

MEMORY FOAM
heilsuinniskór
Fallegir og vandaðir inniskór.
Stærðir: XS/34-35, S/35-36, M/37-38, L/38-40

Fullt verð: 3.900 kr.

Nú **1.170 kr.**

MONTARIO svefnsófi
Einfaldur og stílhreinn svefnsófi. Áferðarfallegt áklæði. Svefnsvæði 140x200 cm.

158 x 90 x 78 cm.

Fullt verð: 119.900kr.

30%

Aðeins **83.930 kr.**

BLACK FRIDAY
20%

MISTRAL HOME
rúmföt
Stærðir: 140x200 cm.

Fullt verð: 10.990 kr.

Nú **8.792 kr.**

30%

DIMMA
baðsloppur

Einstaklega fallegur og mjúkur baðsloppur.
100% Micro bómull. Hvítur.
S, M, L eða XL.
Fullt verð: 12.900 kr.

Nú **9.030 kr.**

* Gildir ekki ofan á önnur tilboð, eða af Simba

DORMA
Láttu drauminn rætast

frettabladid.is

550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

JAFNLAUNAVOTTUN 2022 - 2025

Kalkúnn ýmsar stærðir

nettó

Bakþankar

Kolbeins Marteinssonar

Heims um bolta

Heimsmeistaramótið í knattspyrnu karla hófst í vikunni en venju samkvæmt er keppni þessi haldin snemmsumars á fjögurra ára fresti. Sumarið 2018 var þessi keppni haldin í Rússlandi. Ísland var þar í fyrsta sinn rétt eins og smáríkið Katar sem nú tekur þátt í keppninni í fyrsta sinn.

En hvers vegna eru ríki að berjast um að fá að halda keppnir sem þessar þrátt fyrir mikinn kostnað? Sumstaðar þykir það réttlætanlegt að eyða stórum fjárhæðum í að halda slíka alþjóðaviðburði og kostnaður talaður niður þar sem það muni svo margt jákvætt koma í kjölfarið. Þegar smáríkið Katar ákvað að sækjast eftir því að halda heimsmeistarakeppnina þótti mörgum það fásinna. Engin mannvirki voru til staðar í Katar fyrir heimsmeistarakeppni og hiti á sumrin er slíkur að ómögulegt er að spila fótbolta.

Þess vegna er þessi keppni nú haldin á jólaaðventu en ekki um sumar. Katar hefur fengið mikla athygli. Sumir segja að skaðinn af henni verði slíkur að hann verði ekki metinn til fjár fyrir ríkið. Ímynd Katar sem auðgaðist óhóflega á olíu og gasi er nú alþekkt og skýr fyrir alheiminum. Mútur og mannréttindabrot koma fyrst upp í hugann. Stórkostleg sóun og bruðl er annað sem hlýtur að fylgja en talið er að uppbygging fótboltavalla auk annarra innviða í Katar hafi kostað 220 milljarða Bandaríkjadala. Þúsundir erlendra verkamanna létu lífið við framkvæmdirnar en í takt við þessa gegndarlausu sóun verður allt rifið að keppni lokinni.

Ég hef staðist allar freistingar og ekki horft á einn leik og ég ætla að reyna að halda því áfram. Þegar upp er staðið munu allir tapa í þessari heimsmeistarakeppni.

Gleðileg jól. ■

Allt fyrir veisluna

Skreytingar
Borðbúnaður
Búningar
Tækjaleiga

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534